



SKOÐUN Áhrif loftmengunar á heilsu hafa ekki verið nægilega rannsökuð. **14**



MENNING Peggy Pickit er bráðfyndin sýning sem skýtur föstum skotum. **20**



LÍFID Ungu rokkararnir í sveitinni Meistarar dauðans ætla sér stóra hluti. **24**



SPORT Snæfell varð Íslandsmeistari í körfubolta annað árið í röð. **26**

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

28. apríl 2015
98. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Framkvæmdir æra íbúa

Íbúar við Bríetartún eru orðnir langþreittir á framkvæmdum við götuna. Einn þeirra líkir ástandinu við stríðs-hrjád lönd og reynir að koma sér út úr húsi fyrir 8 á morgnana þegar lætin hefjast. Fleygað er til klukkan 17 og þá hefjast sprengingar. **2**

Fá að slátra kjúklingum Undanþága hefur fengist til að slátra kjúklingum, þrátt fyrir verkfall dýralækna, svo hægt sé að tryggja velferð fuglanna. Kjötíð sem til fellur verður geymt í frystigeymslum. **2**



Sakfelli ekki brot á tjáningarfrelsi

Mannréttindadómstóll Evrópu segir dómstólinn hafa úrskurðað að sakfelling fyrir hatursáróður sé ekki brot á tjáningarfrelsi. **10**



SÉRBLAÐ

Fólk



UPPÁBÚIN OG PRÚÐ Nemendur við Verslunarskóla Íslands fylgdu gamalgróinni hefð þegar þeir héldu á Ingólfurstorg í gær klæddir eftir gamalli hefð og tóku sporið, sjálfum sér og vegfarendum til yndisauka. Þeysufatadagurinn hefur verið haldinn frá árinu 1924 en á honum hafa nemendur skólans getað tekið sér frí frá prófalærdómi og brugðið á leik.

Ósátt við orð aðstoðarmanns

Urgur er á fréttastofu RÚV vegna orða aðstoðarmanns menntamálaráðherra. Talaði um „útvarpið okkar“. Vaktstjóri segir ummælin mjög undarleg. Aðstoðarmaðurinn segist hafa notað þetta orðalag í hálfkæringi.

STJÓRN MÁL Urgur er á meðal fréttamanna á RÚV sem eru ósáttir við vinnubrögð aðstoðarmanns Illuga Gunnarssonar við að koma á viðtali við menntamálaráðherra. Þá fóru orð aðstoðarmannsins, Sigríðar Hallgrímsdóttur, illa í vaktstjóra, þegar hún talaði um RÚV sem „okkar útvarp“.

„Mér fannst þetta mjög undarlegt og var mjög ósátt við þessi ummæli,“ segir Ragnhildur Thorlacius, vaktstjóri á RÚV, um samskipti sín við Sigríði. „Að sögn Ragnhildar sagði Sigríður ráðherrann vilja tjá sig í framhaldi af frétt í hádegisfréttum RÚV á laugardag sem fjallaði um að GRECO, hópur ríkja sem berst gegn spillingu, hefði gagnrýnt Ísland fyrir að bregðast ekki við

tillögum hópsins um hagsmunaskráningu íslenskra þingmanna. Illugi og tengsl hans við Orku Energy voru nefnd í fréttinni.

„Síðan segir hún eitthvað á þá leið að hún sé að hafa samband af því að „þið eruð útvarpið okkar“. Ég hvái og segi: við erum í eigu þjóðarinnar. Þá segir hún að þetta sé stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Ég segi að ég sjái ekki hvernig það komi málinu við. Og hún segir að það sé engin dýpri merking á bak við það. Það er það sem okkur fer á milli. Svo lýkur þessu samtali,“ segir Ragnhildur, sem tekur skýrt fram að þessi ummæli hafi ekki haft nein áhrif á að ákveðið hafi síðan verið að birta viðtalið við Illuga. Hins vegar hafi fréttamönnum

RÚV ekki verið kunnugt um það að fjölmiðillinn Stundin hefði lagt fram fyrirspurn til ráðherra varðandi eignarhaldsfélagið OG Capital, sem nú er í eigu stjórnarformanns Orka Energy en var áður í eigu Illuga.

Sigríður segir að hún kannist við ummælin en þau hafi ekki verið sögð í þeim tilgangi að beita pólitískum þrýstingi.

„Ég hélt að þetta væri nú bara góðlátlegt samtal, ég segi í hálfkæringi að við séum á leiðinni í stofnunina okkar, man ekki nákvæmlega hvernig ég orðaði þetta en það var eitthvað svona, við erum á leiðinni í stofnunina okkar. Svo endar samtalið og ég mæti niður á fréttastofu.“

Hún segir sér hafa brugðið við

„Síðan segir hún eitthvað á þá leið að hún sé að hafa samband af því að „þið eruð útvarpið okkar“.“

Ragnhildur Thorlacius, fréttamaður á RÚV.

að Ragnhildur skyldi hafa túlkað orð hennar með þessum hætti.

„Ég var mjög hissa, það hana afsökunar og áttaði mig ekki á því að hún hefði getað skilið orð mín með þessum hætti, en það sem ég átti nú við var bara útvarp okkar allra landsmanna. Það er engin djúp meaning á bak við þetta og þetta er bara sagt í hálfkæringi,“ segir Sigríður. „En maður lærir bara af því og vandar sig betur í samskiptum.“

-vh / sjá síðu 4

Upp úr slitnaði í samningaviðræðum VR og Flóabandalagsins við SA í gær:

Fleiri félög undirbúa aðgerðir

KJARAMÁL Kröfur Starfsgreinasambandsins (SGS) eru um launahækkunir á bilinu 50 til 52 prósentu á þremur árum samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Krónutölulækkunin er á bilinu 98 til 127 þúsund krónur.

„Við erum að tala um lágur krónutölur þótt það megi finna háar prósentur,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS. Fyrsta verkfall í aðgerðum SGS er á þriðjudag og verður þá allsherjargvinustöðvun frá hádegi til miðnætis.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að ef samið yrði við SGS um 50 prósentu hækkun yrði það lágmarksviðmið allra annarra samninga sem á eftir kæmku.

Hnútur kjaraviðræðna í landinu harðnaði í gær þegar slitnaði upp úr viðræðum hjá VR og Flóabandalaginu við SA. Félagar hjá Flóabandalaginu eru um 21 þúsund talsins en 78 þúsund hjá VR.

Bæði VR og aðildarfélag Flóabandalagsins, Efling, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Kefla-



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON BJÖRN SNÆBJÖRNSSON

víkur, undirbúa nú kosningu á meðal félagsmanna um heimild til verkfallsboðunar.

„Við sjáum því miður fátt annað í stöðunni en að kjósa um verkfallsboðun,“ sagði Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, að loknum fundi trúnaðarráðs VR í gærkvöldi.

Stjórn VR samþykkti í gær að færa tvo milljarða úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð VR sem stendur nú í þremur milljörðum króna.

-fbj, óká / sjá síðu 8 og 12

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis


„Finn mikinn mun á hand- og fót kulda“
Kristbjörg Jónsdóttir

Einstakt VERÐ!

Beetroot 700mg

90 DAGA SKAMMTUR

VEÐUR



Í dag verður norðaustan 8 til 15 metrar á sekúndu. Sólin ætti að sýna sig sunnan heiða og þar nær hitinn upp í nokkrar gráður í plús yfir daginn. Í kvöld og nótt gengur norðanáttin loksins niður svo um munar.

SIÁ SÍÐU 18

Innflutningsfyrirtæki fá ekki endurgreitt útboðsgjald vegna tollkvóta búvara sem dæmt var ólögmætt: Ráðuneyti hafnar kröfu um endurgreiðslu

VIÐSKIPTI Atvinnuvegaráðuneytið hefur hafnað kröfu þriggja innflutningsfyrirtækja um endurgreiðslu útboðsgjalds vegna tollkvóta á búvörum. Fyrirtækin eru Hagar, Sælkeradreifing og Innes. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi í forsendum dóms þann 17. mars að útboðsgjald væri ólögmætt skattur sem bryti í bága við stjórnskrá. Í framhaldinu sendi Félag atvinnurekenda ráðuneytinu erindi 23. mars og krafðist þess að innflutningsfyrirtækjum yrði endur-

greitt útboðsgjald sem greitt hefði verið fyrir fram vegna innflutningsheimilda sem enn hefðu ekki verið nýttar. Erindið var ítrekað 31. mars. Lögmenn fyrirtækjanna hafa nú fengið nánast samhljóða bréf frá ráðuneytinu, þar sem segir: „Ráðuneytið hafnar greiðslu til umbjóðanda yðar enda fellst ráðuneytið ekki á rökstuðning yðar í fyrrgreindu bréfi.“ Ákvörðuninni fylgir enginn rökstuðningur af hálfu ráðuneytisins. Munu lögmenn fyrirtækjanna fara fram

á rökstuðning frá ráðuneytinu. „Enn og aftur blasir við fullkomið skeytingarleysi um hagneytenda, sem eiga mikið undir því að stjórnvöld fari að dómum dómsvaldsins í þessu máli. Innflutningsfyrirtækin munu að sjálf-sögðu halda áfram að leita réttar síns. Verslunin biður eftir því að geta lækkað verð til neytenda. Það eina sem stendur í vegi fyrir því er þvermóðska embættismanna sem geta ekki sætt sig við að neytendur fái að njóta þess ábata sem



Enn og aftur blasir við fullkomið skeytingarleysi um hagneytenda.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

fylgir frjálsum viðskiptum,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. -fj



PAKID FARIÐ Íbúar huga að því sem bjarga mátti af eignum þeirra í húsi þessu í Peshawar, eftir að fellibylurinn hafði svipt þakinu af.

Snarpur fellibylur olli miklu tjóni í Pakistan:

Tugir fórust og hundruð særðust

PAKISTAN Íbúar í Peshawar og nágrenni í norðvestanverðu Pakistan voru farnir að huga að eignum sínum í gær, en þeir urðu fyrir miklu tjóni þegar snarpur fellibylur reið þar yfir á sunnudag.

Hátt í fimmtíu manns létu lífið og meira en 200 slösuðust. Óttast var að tala látinna ætti enn eftir að hækka.

Tvær herdeildir voru sendar á hamfarasvæðið til að leita í rústum húsa og aðstoða fólk eftir megni.

Vindur mældist yfir 30 metrum á sekúndu og olli margvíslegu tjóni. Tré fuku upp með rótum, þök fuku af húsum og rafmagnslínur fuku um koll. -gb

Safna á fimm milljónum:

Tónleikar til styrktar Nepal

SAMFÉLAGSMÁL Lyfjafyrirtækið Alvogen, í samstarfi við UNICEF og Rauða kross Íslands, stendur fyrir söfnunartónleikum 6. júní næstkomandi fyrir fórnarlömb jarðskjálftanna í Nepal.

Um sjö milljónir manns, þar af 2,8 milljónir barna, þurfa á neyðaraðstoð að halda en markmiðið er að safna fimm milljónum króna.

Hljómsveitirnar Retro Stefson, Amabadama og Ylja hafa staðfest komu sína og vonast er til að fleiri listamenn bætist í hópin. -srs

Hafna miðlunarhugmynd:

Dynjandi verði ekki skertur

UMHVERFISMÁL Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar hafnar áformum Orkubús Vestfjarða um miðlun úr Stóra-Eyjavatni í Mjólkkárvirkjun. Orkubúið hafði óskað eftir því að miðlunin kæmist inn á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar en nefndin hefur hafnað ósk Orkubúsins um skipulagsbreytingu.

Fréttavefurinn bb.is segir frá. Í umsögn nefndarinnar segir að nefndin taki heilshugar undir framkomnar athugasemdir um að ekki komi til greina að skerða náttúrulega fegurð Dynjanda með skerðingu á vatnasviði hans. -shá

Framkvæmdir æra íbúa við Bríetartún

Íbúi líkir látum vegna framkvæmda við Bríetartún við stríðsástandið í Úkraínu. Hún segir að ekki sé hægt að dveljast í íbúðinni vegna hávaðans. Framkvæmdastjóri Suðurverks segir fleig- og sprengivinnu hvítleiða en nauðsynlega.

SKIPULAGSMÁL „Það er ekki verandi þarna inni,“ sagði Kristín E. Sigurðardóttir, íbúi við Bríetartún í Reykjavík.

Umfangsmiklar framkvæmdir fara fram við götuna beint á móti íbúð Kristínar. Þar á tólf hæða íbúðaturn að rísa en undir turninum er gert ráð fyrir bílastæðakjallara.

Jarðvegsframkvæmdir á lóðinni eru að gera Kristínu lífið leit.

„Frá klukkan átta til fimm eru þeir að bora með fleygnum og frá klukkan fimm til sjö eftirmiðdegis eru þeir að sprengja með tilheyrandi viðvörunarhljóðum,“ sagði Kristín sem fer reglulega til dóttur sinnar til að forðast hávaðann.

„Ég reyni að koma mér út úr húsi fyrir átta áður en þetta hefst allt saman. Ég hef reynt að nota eyrnatappa, en ekkert virkar. Þetta reynir nokkuð á taugarnar,“ sagði Kristín sem er komin á níraðisaldur.

„Það er ekki hægt að lesa eða hlusta á útvarpið fyrir þessu. Lætin eru eins og í Úkraínu eða Afganistan, öllum þessum stríðshrjáðu löndum. Ég er komin með höfuðkrampa yfir þessu,“ sagði hún. Kristín er í íbúð frá Félagsbústöðum en hún segir að þrátt fyrir ólætin hafi ekkert tjón orðið á íbúðinni.

„Fleygvinnu og sprengivinnu er alltaf mjög hvítleið,“ sagði Dofri Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Suðurverks, sem fer með jarðvegsframkvæmdir við Bríetartún.

„Þegar verið er að þetta byggðina svona mikið og reisa svona háhýsi eins og á sumum stöðum í



BRÍETARTÚN Framkvæmdum lýkur í lok maí eða byrjun júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Reykjavík verður að fara í svona framkvæmdir. Sprengivinnu hefst oftast um fimmmíðja á daginn og við reynum að halda öllu í góðum málum. En það er alltaf eitthvað um kvartanir,“ segir hann.

„Það fylgir sögunni að gera þetta svona og það fer ekki fram hjá neinum. Við förum eftir öllum reglum og gerum sem flest til að minnka áhrifin af þessu,“ sagði Dofri en hann gerir ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdum verði lokið í lok maí eða byrjun júní ef ekkert óvænt kemur upp á.

stefanrafn@frettabladid.is



Lætin eru eins og í Úkraínu eða Afganistan, öllum þessum stríðshrjáðu löndum.

Kristín E. Sigurðardóttir, íbúi við Bríetartún.

Undanþágur í verkfalli dýralækna létta á svo kjúklingabúin yfirfyllist ekki:

Kjúklingakjötið er geymt í frysti

KJARAMÁL Framleiðendur kjúklingakjöts hafa fengið undanþágu til slátrunar á meðan á verkfalli dýralækna stendur til þess að tryggja velferð fuglanna. Grisjunin í búunum fer þannig fram að fuglum er slátrað með hefðbundnum hætti í slátruhúsi, en afurðirnar settar í frysti í stað þess að fara á markað.

Dýralæknar eru á meðal félagsmanna Bandalags háskólamanna (BHM) sem eru í ótímabundnu verkfalli. Verfall þeirra hefur nú varað í ríma viku.

Magnús Huldur Ingbórsson, framleiðslustjóri hjá Reykjagarði, segir að þar á bæ hafi verið slátrað á laugardag og svo aftur í gær. Þá liggi fyrir beiðni um frekari undanþágur þannig að hægt verði að rýma til í búunum með sambærilegum hætti. „En ástandið er í jafnvægi í augnablikinu,“ segir hann. Undanþágheimild dýralæknanna hafi leyst brýnasta vanda búanna, þótt róðurinn sé vissulega erfiður í þessu ástandi.

Sveinn Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Matfugli, tekur í sama streng, en hjá fyrirtækinu var slátrað um helgina og önnur undanþágubeiðni er í vinnslu. „Þetta er tekið fyrir ein beiðni í einu,“ segir hann.



Í KJÚKLINGABÚI HOLTA Í HVALFIRÐI Alla jafna er þröng á þingi í kjúklingabúum og ljóst að rýma þarf hratt fyrir nýjum fuglum.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRÍK PÓR

EKKI verði vandamál að geyma kjötið sem til fellur. „Það er nóg af frystigeymslum úti um allt.“

-óká

SJÓÐHEITUR
SÓLAR
sprettur
í sólarhring!

Lýkur á hádegi í dag!

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

Vorsprung durch Technik 

Audi Q5

Kraftur, hönnun og sparneytni



Q5 2.0 TDI quattro, 190 hö, 8,4 sek 0-100 km/klst., frá 7.990.000 kr.
Q5 3.0 TDI quattro, 258 hö, 5,9 sek 0-100 km/klst., frá 9.290.000 kr.
SQ5 3.0 TDI quattro, 313 hö, 5,1 sek 0-100 km/klst., frá 11.590.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

SPURNING DAGSINS



„Þórður, stingur þetta ekkert í augun?“

„Jú, nema maður stingi þeim bara undir stól!“

Þórður Magnússon tónlistarmaður er mikill kaktusáhugamaður og á um hundrað kaktusa en hann hefur safnað þeim í mörg ár.

Tilkynningum vegna heimilisofbeldis hefur fjölgað mikið með nýju átaki sem fór af stað í byrjun árs: 104 heimilisofbeldismál á tveimur mánuðum

OFBELDI Frá 12. janúar til 11. mars á þessu ári komu 104 heimilisofbeldismál á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tímabili í fyrra voru málin 42.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru líkamsmeiðingar algengasti brotaflokkurinn eða í 81 prósentu tilvika, 84 málum af 104. Næstalgengast voru hótanir og eignaspjöll en einnig voru skráð önnur brot svo sem húsbrot, frelsissvipting og kynferðisbrot.

79 af málunum eru milli maka

eða fyrrverandi maka, tólf eru af hendi barns í garð foreldris og sex af hendi foreldris í garð barns. Í sjö málum eru önnur tengsl.

Sakborningar í þessum málum voru 105, 91 karl og 14 konur. Í sjötíu af þessum málum lágu fyrir upplýsingar um fyrri sögu heimilisofbeldis.

Þann 12. janúar síðastliðinn hófst átak gegn heimilisofbeldi hjá lögreglunni og Reykjavíkurborg. Það hefur skilað sér í auknum fjölda tilkynninga til lögreglu.



FLEIRI MÁL Svo virðist vera sem átak lögreglu og borgarinnar gegn heimilisofbeldi skili sér í fleiri tilkynningum til lögreglu.

NORDICPHOTOS/GETTY



NAUDSYNLEGT TÆKI Tölvusneiðmyndatækið kostar tæpar 50 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Sneiðmyndatæki á Akranesi:

Hollvinasamtök gefa nýtt tæki

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnun Vesturlands fékk afhent nýtt sneiðmyndatæki frá Hollvinasamtökum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Gamla myndtæki stofnunarinnar á Akranesi bilaði skömmu fyrir áramót og því þörf á nýju tæki. Tölvusneiðmyndatæki eru mikilvæg í greiningu á orsökum kvíðverkja en einnig þegar greina þarf ýmsa áverka. Tækið kostaði tæplega 50 milljónir króna. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ávarpaði gesti og þakkaði Hollvinasamtökunum fyrir gjöf þeirra.

- ag

Vildu nýta Alþýðuskólann:

Neitað um gistingu á Eiðum

FLJÓTSDALSHÉRAÐ Ekki verður seld gisting í húsnæði gamla alþýðuskólans á Eiðum á Austurlandi í sumar. Heilbrigðisnefnd Austurlands hafnaði erindi þess efnis á síðasta fundi sínum vegna þess að fráveita frá staðnum er ekki talin nægilega góð.

Árið 2011 mengaði fráveitukerfi við alþýðuskólann Eiðalæk og mældust of há gildi gerlamengunar. Fyrirtækið Stórþinghá ehf. óskaði eftir því að geta selt gistingu á staðnum. Fyrirtækið er í eigu Sigríðar Jónu Þórisdóttur og Sigurðar Gísla Pálmasonar.

- sa

STJÓRN MÁL „Mér fannst þetta mjög undarlegt og var mjög ósátt við þessi ummæli,“ segir Ragnhildur Thorlacius, fréttamaður á RÚV, um samskipti sín við Sigríði Hallgrímsdóttur, aðstoðarmann Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra.

Sigríður hafði samband við Fréttastofu RÚV á sunnudagsmorgun með ósk um viðtal við ráðherrann. Ragnhildur var vaktstjóri á fréttastofunni á sunnudag og tók við símtalinu. Hún segir Sigríði hafa sagt ráðherra vilja tjá sig í framhaldi af frétt sem hafði verið í hádegisfréttum útvarps á laugar dag og fjallaði um að GRECO, hópur ríkja sem berst gegn spillingu, hefði gagnrýnt Ísland fyrir að bregðast ekki við tillögum höpsins um hagsmunaskráningu íslenskra þingmanna. Illugi og tengsl hans við Orku Energy voru nefnd í fréttinni.

„Ég las fréttina yfir og áttaði mig ekki alveg á því af hverju hann vildi tjá sig en hann er vissulega nefndur í fréttinni og mér fannst ekki hægt að hafna því að tala við hann, en við myndum taka efnislega afstöðu til þess hvort það sem hann hefði að segja væri fréttmæmt eða ekki,“ segir Ragnhildur.

„Síðan segir hún eitthvað á þá leið að hún sé að hafa samband af því að „þið eruð útvarpið okkar“. Ég hvái og segi: við erum í eigu þjóðarinnar. Þá segir hún að þetta sé stofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Ég segi að ég sjái ekki hvernig það komi málinu við. Og hún segir að það sé engin dýpri merking á bak við það,“ segir Ragnhildur og tekur fram að hún hafi verið afar undrandi á þessum



Pað er engin djúp meaning á bak við þetta en það sem ég átti nú við var bara útvarp okkar allra landsmanna ...

Sigríður Hallgrímsdóttir aðstoðarmaður menntamálaráðherra.

ummmælum, en RÚV ohf. heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Stuttu seinna kom Sigríður upp í útvarpshúsi á undan ráðherra. „Við ræddum saman og ég gerði henni mjög skýrt grein fyrir því að ég væri ósátt við hennar ummæli,“ segir Ragnhildur. Viðtal var tekið við Illuga í kjölfarið.

„Ég veit í rauninni ekkert fyrr en eftir viðtalið um hvað málið snýst. Síðan lagði ég efnislegt mat á að það væri vissulega fréttmæmt sem ráðherra væri að segja. Og ég fullyrði að það sem aðstoðarmaður hafði að segja hafði engin áhrif á það. Hins vegar er ég ákaflega ósátt við þessi ummæli aðstoðarmanns. Mér finnst þau algjörlega út úr kortinu og ég hef ekki, og sagði það líka við hana, upplifað svona á þessum átta árum sem ég hef starfað þarna,“ segir Ragnhildur.

Í viðtalinu segir Illugi frá því að hann hafi selt íbúð sína til stjórnarformanns Orku Energy vegna fjárhagserfiðleika og leigi hana af honum núna. Segist hann vilja upplýsa um þetta þar sem hann hafi viljað hafa öll tengsl upp á borðum. Fréttamönnum RÚV var hins vegar ekki kunnugt um það að á laugardegnum og dag-



ÓSÁTT Ragnhildur segir ummæli aðstoðarmanns út úr kortinu.

SKJASKOT/RÚV

ana á undan hafði fjölmiðillinn Stundin sent Illuga fyrirspurnir er tengdust eignarhaldsfélaginu OG Capital sem hann hafði selt til stjórnarformanns Orku Energy, en Illugi hafði ekki svarað spurningunum sem sneru að félaginu. Stundin birti svo seinna um daginn frétt þar sem kemur fram að Illugi hafi afsalað sér eigninni til eignarhaldsfélagsins OG Capital, sem sé í eigu stjórnarformanns Orku Energy en hafi áður verið í eigu Illuga, eða allt til enda ársins 2013 þegar hann seldi það til stjórnarformannsins.

Ragnhildur segir að þegar þau hafi séð þá frétt þá hafi það blasað við að þar hafi verið búið að vera að grafast fyrir um málið. Það hafi því verið gerð frétt inn á vef RÚV þar sem vitnað var í fréttina og einnig í kvöldfréttum sjónvarps, en Illugi hafði ekki talað um eignarhaldsfélagið í viðtali RÚV.

Sigríður segir í samtali við Fréttablaðið að hún kannist við ummælin en þau hafi ekki verið

sögð í þeim tilgangi að beita pólitískum þrýstingi.

„Ég hélt að þetta væri nú bara góðlátlegt símtal, ég segi í hálfkæringi að við séum á leiðinni í stofnunina okkar, man ekki nákvæmlega hvernig ég orðaði þetta en það var eitthvað svona, við erum á leiðinni í stofnunina okkar. Svo endar símtalið og ég mæti niður á fréttastofu,“ segir hún. Sigríði segist hafa brugðið við að Ragnhildur skyldi hafa túlkað orð hennar með þessum hætti.

„Ég var mjög hissa, það hana afsökunar og áttaði mig ekki á því að hún hefði getað skilið orð mín með þessum hætti. Það er engin djúp meaning á bak við þetta en það sem ég átti nú við var bara útvarp okkar allra landsmanna og þetta er bara sagt í hálfkæringi,“ segir Sirrý. „En maður lærir bara af því og vandar sig betur í samskiptum.“ Hún segir einnig að ráðherra hafi ekki borist fyrirspurnir frá fjölmiðlum sem snúið hafi að íbúð Illuga.

viktoria@frettabladid.is

Leiðtogar Evrópusambandsins heimsóttu Úkraínuforseta:

Fríverslun verður ekki frestað

ÚKRAÍNA Þeir Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Donald Tusk, forseti ráðherraráðs ESB, fullvissuðu Petro Porosjenkó Úkraínuforseta í gær um að gildistöku fríverslunarsamnings yrði ekki frestað, þrátt fyrir kröfur Rússa þar um.

Juncker og Tusk héldu til Úkraínu í gær til að hitta Porosjenkó, ekki síst til að þrýsta á hann að gera umbætur sem stjórn hans hefur lofað að hrinda í framkvæmd.

Rússar segja umbætur á stjórnskipan Úkraínu lyklatríði í vopnahléssamkomulaginu sem gert var í Hvíta-Rússlandi í vetur. Tregða Úkraínustjórnar til að hrinda þeim í framkvæmd auki á spennu og dragi úr líkum á því að friður náist.



Þrátt fyrir vopnahléssamkomulagið hafa átök ítrekað brotist út í austanverðu landinu. Ástandið var óvenju slæmt í gær þegar Evrópu-

leiðtogarnir komu þangað. Einn hermaður í úkraínska stjórnarhernum lét lífið og þrjár særðust.

- gb



DANSANI®

Uniq 4202

Glæsilega hannaður og vandaður sturtuklefi.

Auðveldur í uppsetningu

FRÁBÆR
GÆÐI /
GOTT VERÐ

TEMPERED GLASS
EN14428



**ÍSLEIFUR
JÓNSSON**

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is



ZOOM-ZOOM

NÝR MAZDA6

ENN STERKLEGRA
OG FÁGAÐRA ÚTLIT
NÝTT INNRA RÝMI



VERÐ FRÁ
3.990.000 KR.



MAZDA. DEFY CONVENTION.



NÝTT INNRA RÝMI

Þægindi og glæsileiki eru í fyrirrúmi í nýja Mazda6 með nýrri innréttingu og fyrsta flokks hljóðeinangrun.



STERKLEGRA OG FÁGAÐRA ÚTLIT

Glæsilega KODO hönnunin hefur verið tekin skrefinu lengra með enn sterklegra og fágaðra útliti.



NÝTT MULTIMEDIA KERFI

Nýtt Multimedia kerfi með 7" snertiskjá, nú fáanlegt með GPS vegaleiðsögukerfi og Íslandskorti.



NÝ LED AÐALLJÓS

Rennileg lýsing þökk sé nýjum aðlögunarhæfum LED aðalljósum.



SKYACTIV SPARTÆKNI

Sparaðu með SKYACTIV spartækni Mazda. Eyðsla frá aðeins 4,2 l/100 km. Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD).

**KOMDU OG
REYNSLUAKTU
MAZDA6**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Uppgefin eyðsla er miðuð við blandaðan akstur. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.
Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

VEISTU SVARID?



1. Hvaða samtök kæra tíu manns fyrir hatursáróður?
2. Hverju eru starfsmenn Skógræktar ríkisins að safna í Vaglaskógi þessa dagana?
3. Hvaða Íslendingur rekur heimili fyrir tólf munaðarlaus börn í Nepal?

SVÖR: 1. Samtökin 78. 2. Safa út birktjám. 3. Margrét Ingaóttir.

Verð á skipaolíu er 46 prósentum lægra en það var að meðaltali á síðasta ári: Lægra olíuverð sparar milljarða

SJÁVARÚTVEGUR Ef meðalverð á skipaolíu og gengi Bandaríkjadals helst á líkum nótum og það sem af er árinu mun útgerðin í landinu hafa sparað 4,5 milljarða króna í árslok miðað við fyrri ár. Í Hagsjá Landsbanka Íslands segir að meðalverð skipaolíu verði 54 Bandaríkjadali, sem er um 46% lægra verð en í fyrra. Árið 2013 nam olíukostnaður fiskveiða 17,2 milljörðum og má gera ráð fyrir að hann hafi numið 17,4 milljörðum á síðasta ári. Ef meðal-

olíuverð og gengi dalsins það sem af er þessu ári endurspeglar árið í heild verður olíukostnaðurinn um 12,6 milljarðar á árinu. Olíu- og eldsneytiskostnaður útgerðarinnar nam að meðaltali um 15% af heildarkostnaði og 11% af tekjum árin 2009-2013. Ástæðan fyrir því að sparnaðurinn er ekki enn meiri er að gengi dalsins hefur styrkst töluvert síðustu mánuði gagnvart krónunni sem vegur á móti lækkun olíuverðs, segir í Hagsjónni. -shá



Í HÖFN Ytri skilyrði eru útgerðinni mjög hagfeld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherra segir af sér: Fordæmði samkynhneigða

NORÐUR-ÍRLAND Jim Wells, heilbrigðisráðherra Norður-Írlands, hefur sagt af sér. Lögreglan rannsakar ummæli Wells sem fordæmði samband tveggja kvenna á framboðsfundi um helgina. Lögreglan rannsakar einnig ummæli Wells þar sem hann líkti samböndum samkynhneigðra við misnotkun á börnum í kappræðum í síðustu viku. Ráðherrann baðst afsökunar og sagðist vera undir miklu álagi vegna veikinda eigin konu sinnar. -ag

Færeyjar og ESB með kröfur: Ekki niðurstaða um kolmunna

SJÁVARÚTVEGUR Engin niðurstaða náðist á fundi strandríkja í Clonakilty á Írlandi um skiptingu hlutdeildar í veiðum á kolmunna í síðustu viku. Færeyingar boðuðu til fundarins og var hann framhald viðræðna sem hófust í október 2014. Á fundinum settu Færeyingar og Evrópusambandið fram sameiginlegar kröfur um stórauðna hlutdeild sér til handa á kostnað strandríkjanna Íslands og Noregs en lögðu þó til að hlutur Rússlands sem úthafsveiðihjóðar héldist óbreyttur. Færeyingar hyggjast boða til framhaldsfundar innan næstu tveggja mánaða. -shá



LANDEYJAHÖFN Sandur hefur safnast upp í innsiglingu hafnarinnar og torveldað siglingar þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Landeyjahöfn að opnast: Vonast til að sigla í vikulokin

VESTMANNAEYJAR Vonir standa til að búið verði að hreinsa nægilega innsiglingu Landeyjahafnar í vikulokin til þess að Herjólfur geti siglt þangað um helgina. Þetta hafa Eyjar.net eftir Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Eyjum. „Eftir þennan vetur, sem farinn er að teygja sig inn á sumarid, er vonandi öllum ljóst að það þarf hvort tveggja, nýtt skip og breytingar á höfninni, og þá ekki síst í því sem snýr að dýpkun,“ er haft eftir Elliða. -óka

Tala látinna hækkar enn

Neyðarástandið versnar hratt víða í einangruðum þorpum þar sem matar- og vatnsskortur blasir við. Tala látinna var í gær komin yfir fjögur þúsund og átti líklega eftir að hækka. Nærri sjö þúsund manns slösuðust.

NEPAL Þúsundir manna bíða aðstoðar í einangruðum og afskekktum fjallaþorpum skammt frá upp-tökum jarðskjálftans stóra sem varð á laugardaginn. Matar- og vatnsbirgðir eru á þrotum og húsin víða rústir einar þannig að fólk þarf að hafast við úti í því erfiða veðri sem spáð er næstu dagana, þrumuveðri með roki, rigningu og jafnvel snjökumu í efstu byggðunum. Rafmagns- og farsímakerfi liggja víða niðri. Jarðskjálftinn mældist 7,8 stig og kostaði þúsundir manna lífið. Síðdegis í gær var staðfest tala látinna komin yfir fjögur þúsund og óttast var að hún ætti enn eftir að hækka. Bandaríska landfræðistofnunin USGS segir allar líkur á því að hún verði komin yfir tíu þúsund þegar endanlegt mat verður gert. Víða í hinum afskekktu þorpum er enn ekkert vitað um afdrif fólks. Nepal er fátækt fjallaland og var illa undirbúið undir hamfarir af þessu tagi. Samgöngur eru erfiðar og eyðileggingin af völdum jarðskjálftans gerir þær enn erfiðari. Óttast er að stórir eftirskjálftar eigi enn eftir að valda meira tjóni. Að sögn UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, bitna hamfarir sem þessar illa á börnum. Á verst leiknu svæðunum í Nepal eru að minnsta kosti 940 þúsund börn sem þurfa á brýnni aðstoð að halda. Þótt Nepal sé á flekamótum hátt uppi í Himalajafjöllunum þá eru mjög stórir jarðskjálftar þar ekki sérlega algengir. Bandaríska landfræðistofnunin USGS segir að á síðustu hundrað árum hafi einungis fjórir skjálftar stærri en 6 orðið á þessum slóðum. Sá stærsti varð árið 1934, mældist 8 stig og kostaði rúmlega tíu þúsund mannlíf. Nokkrir Íslendingar voru í Nepal þegar jarðskjálftinn reið yfir, þar á meðal þau Ingólfur Axelsson og Vilborg Arna Gissurardóttir sem ætl-



ERFITT LEITAR- OG BJÖRGUNAR-STARF FRAMUNDAN Íbúar bera burt eigur sínar með aðstoð björgunarfólks, sem byrjað er að leita í rústunum í bænum Baktapur, rétt hjá höfuðborginni Katmandú. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

uðu að klífa Everest. Þau voru bæði komin niður í grunnbúðir fjallsins í gær. Ingólfur skýrði frá því á Facebook-síðu sinni í gær að þeir úr hópi hans hefðu farist í snjóflóðinu, sem varð í hlíðum fjallsins í kjölfar jarðskjálftans. Einnig voru fjögur ungmenni þar á ferðalagi en voru öll komin til bæjarins Pokhara í gær. Þau biðu eftir að komast þaðan til höfuðborgarinnar Katmandú, en þaðan eiga þau flug til Kína á morgun. Tveir Íslendingar eru á leið til Nepal að sinna hjálparstörfum þar. Þetta eru þeir Gísli Rafn Ólafsson og Andri Rafn Sveinsson, sem báðir eru félagar í Björgunarsveitum Hafnarfjarðar. Þeir fara þangað á vegum Nethope, sem eru regnhlífarsamtök 42 stærstu hjálpar-samtaka heims. Að sögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar verður íslensk rústa-björgunarsveit ekki send til Nepal að þessu sinni, þar sem nægilega margar slíkar sveitir væru þegar komnar til Nepal eða lagðar af stað. gudsteinn@frettabladid.is

FJALLGÖNGUMÖNNUM BJARGAÐ

Um 800 manns voru að klífa tindinn að sunnanverðu þegar skriðuföll urðu að minnsta kosti 18 manns að bana. Selflytja þurfti með þyrpum allt að 180 manns sem lokuðust inni við efri búðir fjallsins.

Búðir	Hæð
4	8.000 m
3	7.160 m
2	6.400 m
1	5.945 m
B	5.364 m

Prjár þyrpur notaðar, hver tekur um tvo farþega í hverri ferð. Austurhlíðin, Norðausturhryggurinn, Norðurhryggurinn, Norðurhlíðin, Vesturhryggurinn, Vesturhvilftin, Khumbu-jökull, Rongbuk-jökull, Austur-Rongbuk-jökull.

Fyrstu búðir: „Eyja“, umkringd ís- og grjóthróngli. Leiðin skemmdist í jarðskjálftanum. Grunnbúðir: 40-50% eyðilögðust. Að minnsta kosti 18 láttnir, 61 særður.

Meira en 400 manns voru að klífa norðurhlíð fjallsins í Kína. Taldir óhultir. Heimild: Fréttaveitur Mynd: Google Earth © GRAPHIC NEWS

TINDUR

OSTUR ÚR SKAGAFIRÐINUM

Þessi bragðmikli meðlimur Óðalsfjölskyldunnar er framleiddur í Skagafirði og nefndur eftir fjallinu Tindastól. Tindur er einstakur ostur sem fengið hefur drjúgan þroskunartíma þar til hinu einkennandi þetta bragði hefur verið náð.

Óðals Tindur er sérstaklega bragðmikill, hæfir við ýmis tækifæri og er dásamlegur einn og sér. Tindur parast vel með sterku bragði enda lætur hann fátt yfirgnæfa sig.

ÓÐALS
TINDUR
UR FÖRUM MEISTARANS

www.odalsostar.is

**KFC® kynnir
endurkomu ársins:**

BBQ Meltz

**á næsta
KFC® veitingastað!**



**1.079
kr.**

**1.849
kr.**



BOX

**BBQ-Meltz, 3 Hot Wings,
franskar, gos og
Lindu kaffisúkkulaði**



SVOOOGOTT™

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI **WWW.KFC.IS**

Litlar krónutöluhækkunar en miklar prósentuhækkunar í kröfum SGS

Launkröfur SGS eru um hækkunar á bilinu 98-127 þúsund krónur á mánuði næstu þrjú árin. Jafngildir um 50% hækkun. Formaður SGS segir háar hækkunar til kennara og lækna ekki hafa ruggað bátnum. Framkvæmdastjóri SA segir að 50% hækkun yrði fordæmisgefandi.

KJARAMÁL Launakröfur Starfsgreinasambandsins (SGS) eru um launahækkunar á bilinu 50 til 52 prósent á þremur árum samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Krónutöluhækkunin er á bilinu 98 til 127 þúsund krónur.

Fréttablaðið hefur einnig undir höndum tölur um meðallaun ýmissa starfsstétta Starfsgreinasambandsins. Sem dæmi má nefna að meðalgrunnlaun bensínafgreiðslufólks eru 225.715 krónur á mánuði. Heildarlaun starfsmannsins með yfirvinnu og öðru eru 341.408 krónur. SGS leggur sérstaka áherslu á að dagvinnulaun hækki þannig að hægt sé að lifa á þeim einum. Samkvæmt síðustu kjarasamningum eru lágmarksmánadarlaun bensínafgreiðslumanns 209.500 krónur.

Miðað við kröfur SGS myndu laun þessa starfsmanns hækka upp í 315.000 krónur á þremur árum eða rúmlega 35.000 krónur á ári fram til ársins 2017. Hækkunin nemur 50,4%.

„Við erum að tala um lága krónutölu þótt það megi finna háar pró-

sentur,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Mikið hefur verið rætt um mögulegar efnahagslegar afleiðingar þess að samið verði um of miklar launahækkunar. Björn segir fólkið sem sé á lægstu töxtunum ekki geta tekið ábyrgð á stöðugleikanum. „Það verða fleiri að taka ábyrgð. Við erum að horfa á þriggja ára plan, sem þýðir í kringum 16 til 17% hækkun á ári. Við teljum að þjóðfélagið geti alveg þolað þessar hækkunar.“

Aðspurður um ábyrgð sambandsins á launaskriði sem færi af stað ef allir fengju samninga sambærilega þeim sem SGS biður um segir Björn ríkið hafa hleypt boltanum af stað með ýmsum samningum, meðal annars við kennara. „Af hverju stoppuðu þeir það ekki ef slíkar hækkunar eru óraunhæfar? Þeir samningar hafa ekki ruggað neinu,“ segir Björn. Hann bætir því við að kröfugerðin sé í samræmi við það sem aðrir hafa fengið að undanförunu.

„Við erum að semja fyrir okkar hóp, við erum ekki að horfa á aðra.“

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ómögulegt að horfa á krónutöluhækkunar í þessu samhengi, hjá SGS séu 10 þúsund



Þannig að ef við myndum semja um 50% launahækkun við SGS til þriggja ára þá yrði það bara lágmarksviðmið allra annarra samninga sem á eftir kæmu.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA.


manns að biðja um 50% launahækkun.

„Þetta er hækkun á taxtakervi sem í dag er 260 þúsund að meðaltali en skilar 430 þúsund króna tekjum á mánuði. Ef þú hækkar 430 þúsund um 50% ertu kominn með 640 þúsund krónur á mánuði fyrir þennan 10 þúsund manna hóp. Til samanburðar eru meðallaun iðnaðarmanna 600 þúsund krónur og meðallaun BHM í kringum 550 þúsund. Svo getur maður bara haldið áfram að telja. Þetta eru kröfurnar og það er enginn hópur að fara að sætta sig við að hækka eitthvað minna heldur en aðrir.“

Þorsteinn segir samninga við

Þannig að ef við myndum semja um 50% launahækkun við SGS til þriggja ára þá yrði það bara lágmarksviðmið allra annarra samninga sem á eftir kæmu.

DÆMI UM MÁNAÐARLAUN AÐILDARFÉLAGA SGS – í þúsundum króna



* Taxtalaun án yfirvinnu árið 2017.

** Taxtalaun að viðbættum yfirvinnulaunum, veikindalaunum o.s.frv.

SGS alltaf mundu verða fordæmi. „SGS grundvallar sína kröfugerð meðal annars með vísan í samninga við lækna og kennara. Með sama hætti eru allir hópar á vinnumarkaði núna að grundvallar sína kröfugerð með vísan

til einhverra samninga sem aðrir aðilar hafa verið að gera. Þannig að ef við myndum semja um 50% launahækkun við SGS til þriggja ára þá yrði það bara lágmarksviðmið allra annarra samninga sem á eftir kæmu.“

fanney@frettabladid.is

Láttu gæðin koma þér þægilega á óvart

GOLD
EINSTÖK
GÆÐI

25 ár
ábyrgð

Prófaðu heilsurúmin í Rúmfatalagerinum

Þú sefur betur á Gold heilsurúmi frá okkur, bæði vegna þægindanna og verðsins. Þú átt það skilið! Komdu og prófaðu úrvalið hjá okkur og láttu gæðin koma þér þægilega á óvart!

Gerið gæða- og verðsamanburð!

Ráfagsnrúm – verð frá 99.950 kr.

Rúm á mynd
Höie rafmagnsrúm
verð pr. stk. 299.950



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Fullbúinn Fullorðins Fullkominn Nýr Kia Sorento



Brandenburg
SORENTO



The Power to Surprise

Upplifðu nýjan og glæsilegan Kia Sorento

Við kynnum 3. kynslóð Sorento. Glæsileiki að utan jafnt sem innan og ekkert er til sparað í efnisvali. Bíllinn er betur búinn en áður og státar m.a. af 200 hestafla sparneytinni dísilvél, sex þrepa sjálfskiptingu, íslensku leiðsögukerfi og bakkmyndavél. Kia Sorento fylgir 7 ára ábyrgð.

Kia Sorento bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.

Verð frá **7.590.777 kr.**

Kia Sorento Classic 2,2 — dísil



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/14, ekinn 13 þús. km.
dísil, beinskíptur.
Rnr. 131551.

Frábært verð!
2.990 þús.



FORD FIESTA TREND
Nýskr. 04/14, ekinn 29 þús. km.
bensín, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr. 120668.



VW PASSAT ECOFUEL
Nýskr. 06/10, ekinn 131 þús. km.
bensín, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 120670.



SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 11/13, ekinn 49 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 5.770 þús.
Rnr. 142834.



HONDA CR-V EXECUTIVE
Nýskr. 02/07, ekinn 101 þús. km.
bensín, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 2.720 þús.
Rnr. 282234.



LAND ROVER FREELANDER 2S
Nýskr. 07/11, ekinn 20 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 5.990 þús.
Rnr. 282581



SUBARU FORESTER PLUS
Nýskr. 05/08, ekinn 143 þús. km.
bensín, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 191772.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Sjálfbóðaliðar unnu að endurbótum við Hjálparfoss í Þjórsárdal: Hjólastólaleið að Hjálparfossi

UMHVERFISMÁL Fyrsti hópur sjálfbóðaliða hjá samtökunum Þórsörk Trail Volunteers unnu að endurbótum við Hjálparfoss í Þjórsárdal.

„Þessar endurbætur eru framhald af þeirri vinnu sem við byrjuðum á síðastliðu haust. Nú er verið að búa til hringleið að fossinum sem er fær hjólastólum og gönguleið austanmegin við fossinn með tröppum,“ segir Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi.

Mikið álag er á staðnum vegna fjölgunar ferðamanna og hefur gróður við fossinn látið mjög á sjá. „Við erum að vinna í því að halda fólki á stígnum. Einnig erum við að græða upp landið og loka köntum á gamla stígnum,“ segir Hreinn. Fjórir sjálfbóðaliðar unnu að endurbótunum við Hjálparfoss en Hreinn segir að um 60 taki þátt í starfinu í sumar. „Við verðum með hópa á mörgum stöðum í Haukadal og Þjórsárdal að vinna að ýmsum verkefnum,“ segir Hreinn. - ag



MIKIÐ ÁLAG ER Á STAÐNUM Unnið er að því að halda fólki á stígnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sakfelling ekki brot á tjáningarfrelsi

Davíð Björgvinsson, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, segir dóm dómstólsins um hatursáróður gegn samkynhneigðum veita víðtæka vernd.

DÓMSMÁL „Mannréttindadómstóllinn hefur verið lítt hrifinn af því að varpa fólki í fangelsi fyrir það sem það segir, en í þessum dómi komst meirihluti dómara að þeirri niðurstöðu að kær- endur hafi þurft að þola skerðingu á tjáningarfrelsi,“ segir Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, um dóm dómstólsins sem fjallaði um hatursáróður gegn samkynhneigðum.

Þetta er dómur í máli Vejdeland og annarra (Vejdeland and others) gegn Svíþjóð frá 9. febrúar 2012. Í hann vísar Björg Valgeirsdóttir, lögmaður Samtakanna '78, við mat á því hvort refsing fyrir að breiða út hatursáróður í garð samkynhneigðra sé nauðsynleg.

„Kærandi og aðrir með honum dreifðu bæklingum í menntaskóla í Svíþjóð þar sem fjallað var á möðgandi hátt um samkynhneigða. Þeir voru dregnir fyrir dóm í Svíþjóð og dæmdir fyrir að dreifa bæklingunum.“

Þeir voru ekki sáttir við þetta og fóru með það fyrir Mannréttindadómstólinn á þeim forsendum að það hafi verið brotið á tjáningarfrelsi þeirra. Niðurstaðan varð að Mannréttindadómstóllinn taldi það ekki brot á tjáningarfrelsi að sakfella menn fyrir slíkan hatursáróður. Það er nokkuð víðtæk vernd sem samkynhneigðum er veitt með þessum dómi en óvíst hvort hann hafi nægt fordæmisgildi þar sem dómarrar voru klofnir í forsendum sínum.“ kristjanabjorg@frettabladid.is



VÍSA Í NÝLEGAN DÓM Lögmaður Samtakanna '78 vísar í dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem skert tjáningarfrelsi er réttlætt vegna niðrandi ummæla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dæmi um kærð ummæli

Fréttablaðið birtir hér ummæli eins þeirra kærðu: „Samtökin 78 sem eru Hommar og Lesbíur eru alltaf að færa sig upp á skaftið eins og sagt var í gamladaga. Er þessi samtök ekki búin að ganga nógu langt þegar þau eru komin með þjóðkirkjuna í vasan - Stjórn Reykjavíkur upp á armin með hinsegingöngur sem taka fram 17 júní hátíðarhöld þjóðarinnar - merkingar á götum borgarinnar - sér fána um alla borg. - Og á nú að fara að stífa sama spor og þýsku nazistarnir gerðu og kommarnir í Rússlandi að fara að heilapvo börnin í landinu með kynlífsfræðslu samkynhneigðra. Fræðslu um það hvernig kynvillingar þessa lands og annara búa til börnin sem eiga að erfa land og þjóð. - NEI - Nú er ég að minnsta kosti að fá nóg...“

„Hvaða fræðsluprógram ertu að tala um ??? Sjúkdóm þessa fólks ??? Kynórana ??? - Þetta er þér svo mikið áhugamál að ég fer að halda að þú sért hommi og einna af þessu fólki.“

Enn stendur St. Jósefsspítali auður þar sem samningar hafa ekki náðst:

Hafnarfjarðarbær neitar að taka þátt í rekstrarkostnaði

HAFNARFJÓRÐUR Hafnarfjarðarbær deilir enn við fjármála- og efnahagsráðuneytið um framtíð og rekstur húsnæðis St. Jósefsspítala sem hefur nú staðið auður í rúm þrjú ár.

Hafnarfjarðarbær vill fá fullt forræði yfir fyrrverandi fasteignum St. Jósefsspítala sem eru Suðurgata 41 og 44.

Umræddar fasteignir eru 85 prósent í eigu ríkisins og 15 prósent í eigu sveitarfélagsins.

Eftir að velferðarráðuneytið féll frá áformum um nýtingu húsnæðisins í þágu heilbrigðisþjónustu í byrjun ársins 2014 hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið lagt áherslu á að þær verði seldar. Í lok síðasta

árs samþykkti Hafnarfjarðarbær að spítalinn yrði auglýstur til sölu hjá Ríkiskaupum en með þeim skilyrðum að þar yrði að vera áfram heilbrigðisstarfsemi. Fá tilboð og lág bærust í húsin og var þeim öllum hafnað. Nú vill ráðuneytið auglýsa húsin aftur til sölu og fer að auki fram á að sveitarfélagið taki þátt í að greiða rekstrarkostnað af spítalanum þar til leyst verður úr framtíðareignarhaldi hans.

Ríkið hefur gætt eignanna og sinnt rekstrarkostnaði undanfarin ár en Hafnarfjarðarbær neitað að taka þátt.

Í bréfi frá ráðuneytinu til bæjarstjórnar segir að á meðan eignirnar standi auðar og ónotaðar muni þær



GROTNA NIÐUR Enn ríkir óvissa um framtíð fasteignanna við Suðurgötu sem áður hýstu St. Jósefsspítala.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

óhjákvæmilega grotna niður og rýrna að verðgildi auk þess sem þær verði lýti á umhverfinu. - kb

Frá kr. **69.900**

Bókaðu sól í orlofinu

Fuengirola á Costa del Sol



m/hálft fæði innifalið

Las Piramides

Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 116.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 23. maí í 12 nætur.

Benalmádena á Costa del Sol



m/hálft fæði innifalið

Los Patos Park

Frá kr. 167.900

Netverð á mann frá kr. 167.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 205.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 16. júlí í 11 nætur.

Fuengirola á Costa del Sol



m/hálft fæði innifalið

Nuria Sol

Frá kr. 114.900

Netverð á mann frá kr. 114.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 144.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 27. júlí í 10 nætur.

Torremolinos á Costa del Sol



m/allt innifalið

Roc Costa Park

Frá kr. 137.900

Netverð á mann frá kr. 137.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 177.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 25. júní í 11 nætur.

Krít



m/allt innifalið

Porto Platanias Village

Frá kr. 149.900

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 189.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 21. maí í 11 nætur.

Bodrum



m/allt innifalið

Risa hotel

Frá kr. 119.900

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. maí í 11 nætur á sértilboði.

Salou



m/hálft fæði innifalið

Cye Holiday Center

Frá kr. 69.900

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 88.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 5. júní í 7 nætur.

Tenerife



m/allt innifalið

Tenerife Sur

Frá kr. 99.900

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 20. júní í 14 nætur.

Þitt með lýnivera um þessu. Heimferðir skilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNE/M/ SIA - NM8558



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is





MENGUN Vindur þeytir ryki um götur borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikil svifryksmengun:

Rykið þyrlast um borgina

REYKJAVÍK Styrkur svifryks (PM10) hefur farið yfir heilsvendarmörk í Reykjavík undanfarna daga.

Í gær, mánudaginn 27. apríl, mældust loftgæði léleg á tveimur mælingarstöðum borgarinnar, við Grensásveg og Bildshöfða. Á sunnudag fór sólarhringsstyrkur yfir heilsvendarmörk á báðum stöðum og mældist 149 mikrógrömm á rúmmetra á Bildshöfða. Næstu daga er búist við þurrviðri og vindi sem getur þyrlast upp ryki, einkum við miklar umferðargötur.

- kbg

Því sá er vilji föður míns að hver sem sér soninn og trúir á hann hafi eilíft líf og ég mun reisa hann upp á efsta degi...

www.veridaginn.is



ROSEBERRY

Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma

2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

Samtök atvinnulífsins segjast í kjaraviðræðum hafa lýst vilja til að hækka lægstu en ekki öll laun: Vilja tala við sameinaða verkalyðshreyfingu

KJARAMÁL Í yfirstandandi kjarasamningum segjast Samtök atvinnulífsins (SA) hafa lýst vilja til þess að ræða sérstaklega hækkan lægstu launa til þess að þau dugi betur til lágmarksframfærslu.

„Svo það sé mögulegt þarf að ná sátt um að sú hækkan verði ekki fyrirmynd að almennum launahækkanum,“ segir í pistli um stöðu viðræðnanna, sem birtur var á vef samtakanna í gær. „Svo unnt sé að ná slíkri sátt verður verkalyðshreyfingin að koma sameinuð að

samningaborðinu en ekki sundruð líkt og nú.“

Í pistlinum er því lýst hvernig SA hafi lagt til að farnar yrðu „nýjar leiðir“ á vinnumarkaði, dagvinnulaun yrðu hækkuð sérstaklega umfram almennar samningsbundnar hækkanir um leið og álagsgreiðslur yrðu lækkaðar. „Uppstokkun launakerfa gæti orðið farvegur til að koma til móts við kröfur um betri framfærslumöguleika dagvinnulauna og styttri vinnutíma án þess að raska verðstöðug-

leika líkt og tíðkast í nágrenna löndum Íslands.“ Breytingar í þessa veru telja samtökin að yrðu „mjög jákvæðar“ fyrir bæði launafólk og atvinnulífið í heild sinni.

„Þrátt fyrir þetta fjölgar kjaradeilum á borði ríkissáttasemjara og lýstu VR/LÍV og Flóabandalagið yfir árangursleysi viðræðna og hafa síðarnefndu félögin hafið undirbúning verkfalla,“ segir þar jafnframt og kröfur verkalyðsfélaga sagðar óbilgjarnar og líklegar til að leiða til efnahagsþrönginga.

- óká



Á FUNDI Pósteinn Víglundsson er framkvæmdastjóri SA. Samtökin segja kröfur verkalyðsfélaga ósamstæðar og óbilgjarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VR og Flói undirbúa aðgerðir

Hnútur kjaraviðræðna í landinu harðnaði í gær þegar slitnaði upp úr viðræðum hjá VR og stéttarfélögum að baki Flóabandalaginu við SA. Næsta skref félaganna er að leita heimildar félagsmanna til verkfallsboðunar.

KJARAMÁL Slitnað hefur upp úr viðræðum bæði VR og Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins (SA) og verkfallsaðgerðir standa fyrir dyrum. Bæði VR og aðildarfélög Flóabandalagsins, Efling, Hlíf og Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur, undirbúa nú kosningu meðal félagsmanna um heimild til verkfallsboðunar.

Þá gengur hvorki né rekur í viðræðum sem þegar eru komnar í hart og verkfallsaðgerðir hafnar eða boðaðar, svo sem í viðræðum Starfsgreinasambandsins (SGS) við SA og viðræðum Bandalags háskólanna (BHM) við ríkíð.



SIGURÐUR BESSASON

„Við lýstum fundinum sem árangurslausum, eins og það heitir formlega,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags og talsmaður Flóabandalagsins, um fundinn með SA hjá ríkissáttasemjara fyrir hádegi í gær. „En þetta verkefni fer ekkert frá okkur að finna leiðir til kjarasamninga. Núna er hins vegar ljóst að staðan er orðin miklu þrengri og við förum í að skoða okkar bakland varðandi boðun verkfalla.“

Sigurður segir ekki ljóst hversu langan tíma þessi vinna taki. Félagar hjá Flóabandalaginu eru um 21 þúsund talsins. „En staðan er þannig núna að fullreynt er með viðræðum í augnablikinu.“ Sigurður segir búið að fara yfir sérkröfur, en allt standi fast þegar komi að viðræðum um launalið krafanna.

Heimildir blaðsins herma jafnframt að hjá VR sé búið að draga upp einhverjar hugmyndir kæmi til þess að viðræður rynnu út í sandinn. Þannig gætu mögulegar aðgerðir hafist um eða upp úr 20.



Í KARPÚSINU Frá fundum BHM og ríkisins hjá ríkissáttasemjara í Höfðaborg í Reykjavík á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR



PÁLL HALLDÓRSSON

næsta mánaðar. Þungi er í undirbúningnum en stjórn VR samþykkti í gærkvöldi að færa tvo milljarða króna úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð VR, sem nú stendur í þremur milljörðum.

„Við sjáum því miður fátt annað í stöðunni en að hefja atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun,“ sagði Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, að loknum fundi trúnaðarráðs VR í gærkvöldi.

Þá stóð yfir fundur í kjaradeilu BHM og ríkisins síðdegis í gær, en ekki var búið við stórtíðindum fyrir hann. Páll Halldórsson, for-

Verkfallsaðgerðir í gangi og í pípunum

Fyrsta verkfall í aðgerðum SGS verður núna á fimmtudag, en þá hefur verið boðað allsherjarvinnustöðvun frá tólf á hádegi til miðnætis. Þá hefur verið boðað allsherjarvinnustöðvun 6. og 7. maí, 19. og 20. maí og svo ótímabundið verkfall frá og með 26. maí.

Fjögur aðildarfélög BHM hafa verið í ótímabundnu verkfalli í þrjár vikur, eða frá 7. þessa mánaðar; geislafræðingar, lífeindafræðingar, lögfræðingar hjá Sýslumanninum í Reykjavík og náttúrufræðingar á Landspítalanum. Þá hafa ljósmæður verið í verkfalli þrjá daga í viku. Páll hófust fyrir viku ótímabundin verkfall hjá náttúrufræðingum og háskólaforlögum á matvæla- og næringarsviði hjá Matvælastofnun auk dýralækna. Háskólamenntað starfsfólk Stjórnarráðsins er svo í verkfalli milli 20. apríl og 8. maí.

maður samninganefndar BHM, sagðist fyrir fundinum geta fullyrt að á honum yrði ekki skrifað undir nýjan samning. „En hvort við verðum eitthvað nær því eftir fundinn veit ég ekki.“ Páll sagðist þó telja að það hlyti að fara að renna upp fyrir mönnum að eitthvað þyrfti að gera til þess að leysa deiluna. Þannig væri alveg ljóst að hugmyndin um 3,5 prósentu launahækkanir, hvort heldur sem er hjá

ríki eða á almennum vinnumarkaði, væri út af borðinu. „Og ég held menn þurfi að fara að gera sér grein fyrir því. Þá getur þetta þokast áfram og mér heyrst fjármálaráðherra hafa góðan skilning á því að meta þurfi menntun til launa,“ segir Páll og vísar þar til orða ráðherra á Sprengisandi Bylgjunnar á sunnudag. „Það skilar sér vonandi til hans samningamanna.“

olikr@frettabladid.is



Graníthellur

Fjárfesting sem steinliggur

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, þrep, litlar hleðslur og garða.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.



Allar hellur Steypustöðinnar eru framleiddar samkvæmt víðurkenndum stöðlum.



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir


Allt fyrir húsið!

Hjá Múrbúðinni færðu allt til að fegra og betrumbæta húsið í sumar.

Byggingarefni á Múrbúðarverði!

- ✓ Furukrossviður
- ✓ Birkikrossviður
- ✓ Mótakrossviður
- ✓ Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- ✓ Veggplötur með nót
- ✓ Skrúfur og festingavörur
- ✓ Sökkuldúkur

MÚRBÚÐIN
GRÓFVARA



Málning, gólfefni, múr- og þéttiefni fyrir húsið

MÚRBÚÐARVERÐ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Vaðlaheiðargöng standa seint undir sér:

Hrakspár rætast

Kostnaðurinn við kjördæmapot endurspeglast í Vaðlaheiðargöngum þar sem skellt var skollaeyrum við allri gagnrýni og framkvæmdin rifin fram fyrir í röð slíkra framkvæmda hjá Vegagerðinni. Núna eru rétt um þrjú ár síðan Alþingi gaf því græna ljósið, eftir miklar og þverpólítískar deilur um framkvæmdina, að haldið yrði af stað með verkefnið í gervi einkaframkvæmdar með ríkisábyrgð.

Vaðlaheiðargöng eru veggöng undir Vaðlaheiði við Eyjafjörð og eiga að verða um 7,5 kílómetra löng milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals. Með þeim átti að stytta vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 kílómetra og losna um leið við að fara um Víkurskarð sem gjarnan er þungfært að vetrarlági. Gert var ráð fyrir að framkvæmdum yrði lokið í árslok 2016. Vatnsagi í göngunum, sjóðandi heitt öðrum megin og kalt hinum megin, hefur þegar tafið framkvæmdina frá fimm mánuði. Ekki sér fyrir endann á töfinni.

Í Fréttablaðinu var um helgina rætt við einn þeirra sem vöruðu við framkvæmdinni, en Pálmi Kristinsson verkfræðingur vann og birti sjálfstæða úttekt á forsendum framkvæmdarinnar í árslok 2011. Benti hann á að líkur væru á að milljarðakostnaður myndi á endanum falla á ríkissjóð vegna framkvæmdarinnar. „Því miður virðist þetta ætla að vera dekkra dæmi en ég sá fyrir,“ segir hann nú.

Í úttekt sinni taldi hann að gera mætti ráð fyrir að framkvæmdin færi 15 prósent fram úr áætlun, sem er ríflega helmingi meira framúrskot en Alþingi gerði ráð fyrir þegar ríkisábyrgð var gefin á framkvæmdina. Núna þykir ljóst að framúrkeyrsla frá upphaflegri áætlun verði ekki undir 17 prósentum, líkt og gerst hafi í tilvikum Héðinsfjarðarganga á sínum tíma. Sú framúrkeyrsla kann að vera bjartsýnisspá og kostnaður skattgreiðenda talinn í milljörðum.

Í Spegli RÚV var í gær rætt við doktor Þórð Víking Friðgeirsson, verkfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, sem rannsakað hefur framkvæmd Vaðlaheiðarganga og borið vinnubrögðin saman við það sem gerist í öðrum löndum. Fram kom í máli hans að hefðu Vaðlaheiðargöng verið norsk framkvæmd og undirbúningurinn í samræmi við norsk stjórnslureglur og viðmið þá hefðu verið sáralitlar líkur á að norska þingið hefði samþykkt þátttöku ríkisins í framkvæmdinni. „Alþingi samþykkti kostnaðarþátttöku ríkisins í göngunum þótt fyrir lægju skýrslur sem stönguðust gjórsamlega á og tvær þingnefndir hefðu komist að gjörólíkri niðurstöðu,“ rifjaði Spegillinn upp.

Líklega er óhófleg bjartsýni að gera ráð fyrir að stjórnsmálameðhöfðingur þessa lands læri eitthvað af þessari hörmungarsögu sem áfram vindur. Fólk er jú bara mannlegt og í eðli þess að vera bjartsýnt og horfa frekar til bjartra hliða en dökkra í áætlanagerð, líkt og Þórður Víkingur benti á í umfjöllun Spegilsins.

Ráðið er því væntanlega að bæta umgjörðina, eða skorðurnar, sem stjórnsmálmeðhöfðingurinn eru settar við svona flumbrugangi. Þannig væri kannski ráð að taka upp einhverjar þær vinnureglur sem viðhafðar eru hjá frændum okkar í Noregi. Þá gæti örugglega verið til bóta að gera landið allt að einu kjördæmi og létta þannig af einhverjum þeim kjördæmaprýstingi sem klárlega varð til þess að rugla menn í ríminu í tilvikum Vaðlaheiðarganga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Práinsson **ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrunn Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



1. maí

„ÉG MÆTI -EN ÞÚ?“

„Ég mæti vegna þess að lífeyrismálin skipta máli. Sjáumst í 1. maí göngunni.“

ÍRIS SIGURÐARÐÓTTIR, ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

JÖFNUÐUR BYR TIL BETRA SAMFELAG

MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN – JÖFNUÐUR BYR TIL BETRA SAMFELAG FYRIR OKKUR ÖLL!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að mála með eigin litum

Jón Ásgeir Jóhannesson skrifar grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann barmar sér yfir því að Hæstiréttur hafi ómerkt sýknudóm yfir honum og fleirum í Aurum-málinu og vísað öllu heila klabbinu aftur í hérað. Jón Ásgeir rekur þar í nokkru máli hve ótrúverðugt það sé að sérstakur saksóknari hafi ekki vitað af því að einn meðdómara í héraðsdómi, Sverrir, hafi verið bróðir eins sakborninga, Ólafs Ólafssonar. Ekki er annað að skilja á Jóni Ásgeiri en að þetta sé ástæðan fyrir því að Hæstiréttur vísar málinu aftur heim í hérað. „Af hverju er svona rugl í kerfinu tekið út á okkur sem vorum sýknaðir?“ spyr hann og er nokkuð niðri fyrir. Þetta er allt gott



og blessað, nema fyrir það smáatriði að Hæstiréttur byggði sína niðurstöðu ekki á skorti sérstaks saksóknara á ættfræðipökkingu, heldur því að Sverrir Ólafsson úttalaði sig um embætti sérstaks saksóknara. Mögulega hentar sú mynd sem Jón Ásgeir malar upp honum og hans málað betur en sú rétta, en hún er engu að síður röng, þótt hún sé máluð með hans eigin litum.

Ef það gengur eins og önd ...

Annars er kannski skiljanlegt að maður sem hefur verið í dómshál í þrettán ár að verja sig líti ekki hlutlausum augum á dómkerfið. Á grein Jóns Ásgeirs er hins vegar ekki annað að skilja en að dómkerfið í heild sinni starfi í og með til að koma honum í fangelsi. Enskur málsháttur segir



eitthvað á þá leið að ef það gengur eins og önd og hljómar eins og önd þá sé líklegast um önd að ræða. Þann ágæta málshátt má heimfæra á vænisyki.

Versta viðtal sögunnar?

Ef Jón Ásgeir vill kenna einhverjum um að Hæstiréttur vísaði málinu heim í hérað er Sverrir Ólafsson nærtækasti kosturinn. Ummælin sem Hæstiréttur byggir niðurstöðu sína á lét hann falla í viðtali við RÚV og þar sakaði hann sérstakan saksóknara um „örvæntingarfullar og jafnvel óheilarlegar aðgerðir“ og ýmislegt fleira. Sagan á mögulega eftir að dæma það sem eitt af verstu viðtölunum, að minnsta kosti hafði það töluverðan kostnað í för með sér þar sem nú hefst málarekstur á ný. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hverju andar þú að þér?

UMHVERFISMÁL



Heiða Björg Hilmsdóttir
Formaður Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

Heilnæmt andrúmsloft er sannarlega mikilvæg auðind og mikilvæg undirstaða góðrar heilsu og velferðar. Áhrif mengaðs andrúmslofts á heilsu koma sífellt betur í ljós og eru ákveðnir hópar taldir viðkvæmari en aðrir. Til dæmis börn og einstaklingar með astma, lungnasjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma og aðra undirliggjandi sjúkdóma. Aukin loftmengun er einn af fylgifyrirkennandi þéttbýlismyndunar og því hefur Reykjavíkurborg tekið alvarlega í gegnum tíðina og mælt loftgæði utandyra reglulega síðan 1986. Frá aldamótum hafa borgarþingur getað fylgst með niðurstöðum svo að segja á rauntíma. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur sett saman viðbragðsáætlun um loftgæði sem borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti fyrst allra sveitarfélaga á Íslandi og viðbragðsteymi borgarinnar bregst við þegar þarf samkvæmt henni. Í því felst meðal annars að senda út tilkynningar ef loftgæði eru líkleg til að fara yfir heilsuverndarmörk og ákveða til hvaða mótvegisáðgerða er gripið hverju sinni.

Á nýafstöðnu málþingi Reykjavíkurborgar um loftgæði kom fram að við búum það vel að loftgæði í Reykjavík eru almennt góð miðað við þau heilsuverndarmörk sem sett eru, en þau efni sem líklegust eru til að fara yfir mörkin eru köfnunarefnisdíoxíð (NO₂) og svifryk (PM₁₀). Við erum þó meðvituð um að í raun er lítið vitað um áhrif loftmengunar á

heilsu en gerðar eru stöðugt fleiri rannsóknir sem munu eflaust hafa áhrif á heilsuverndarmörk í framtíðinni og ef til vill einnig hvaða efni við mælum.

Sem dæmi má nefna að losun brennisteinsvetnis (H₂S) hefur margfaldast með fjölgun virkjana og þrátt fyrir að styrkur þess sé undir núverandi heilsuverndarmörkum þá vantar rannsóknir á langtímaáhrifum brennisteinsvetnis í lágu styrk á heilsu fólks.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur mun að sjálfsögðu fylgjast grannt með rannsóknnum og breyta viðmiðum og viðbragðsáætlunum eftir því sem besta þekking segir til um hverju sinni.

Borgarstjórn er einnig meðvituð um að margt af okkar verkum hefur áhrif á loftgæði og þar með lýðheilsu. Þar má nefna skipulag borgarinnar, gatnahreinsun og hálkuvörn, trjágróður og umferðarstýringu. Sumt getum við ekki haft áhrif á eins og við vorum rækilega minnt á meðan við fylgumst grannt með brennisteinsdíoxíðsmengun (SO₂) frá eldgosinu í Holuhrauni sem eins og allir vita hafði mikil áhrif á loftgæði á landinu. Með því að velja vistvænan samgöngumáta, keyra hægar, sleppa nagladekkjunum eða hlúa að gróðri í kringum okkur getum við hins vegar öll lagt okkar af mörkum til þess að bæta loftgæði okkar. Allt bætir það loftgæði okkar og líðan.

Vanhæfni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Vanhæfni er blátt áfram og gegn-sætt orð. Það er ekki teygjan-legt hugtak – ekki frekar en orðið „strax“ – en þýðir einfaldlega að einhver sé ekki fær um að inna af hendi tiltekið verkefni. Orðið sjálf tilgreinir ekki ástæðurnar: þetta getur verið vegna þess að við-komandi sé klaufi, kunnáttulítill eða haldinn einhverjum kvillum – en orðið getur líka vísað til þess að viðkomandi eigi ekki að vera í aðstöðu til að taka ákvarðanir sem varða beinlínis afkomu hans; eigi ekki að vera í aðstöðu til að skara eld að eigin köku, eigi ekki að vera dómari í eigin sök. Burtséð frá því hvort viðkomandi treystir sér til að halda eigin hagsmunum utan við ákvarðanirnar – eða telji sína eigin hagsmuni fara saman við hagsmuni heildarinnar.

Alltof vel inni í málu

Þetta á við um Pál Jóhann Pálsson, þingmann Framsóknarflokksins, og aðkomu hans að lagasetningu

um sjávarútvegsmál og kvótasetningu. Hann hefur sértæka hagsmuni af málinu og því er hætt á því að almannahagur sé ekki hafður að leiðarljósi í ákvörðunum sem hann á þátt í að taka. Það á ekki að vera undir hans eigin mati komið hvort sú hætt sé fyrir hendi. Hér á að ráða almenn regla.

Um er að ræða gríðarlega hagsmuni. Verði frumvarp sjávarútvegsráðherra um úthlutun á makrílkvóta að lögum mun fyrirtæki sem skráð er á eiginkonu Páls fá fimmtíu milljóna makrílkvóta. Umrætt útgerðarfélag var stofnað af Páli árið 2002 og hann var þar stjórnarformaður til ársins 2013, þegar eiginkona hans tók við stjórnarformennsku. Páll á sæti í atvinnuveganefnd Alþingis og fram hefur komið að hann telur sig ekki vanhæfan til að fjalla um frumvarpið á þeim vettvangi. Augljóst er að hann telur að „vanhæfni“ sé teygjanlegt hugtak og undir sér komið að meta hana. Hann virðist kjósa að túlka hugtakið svo að það vísi til þess að hann hafi ekki þekkingu á mála-flokknum eða kunni ekki til verka. Því fer auðvitað fjarri. Hann er alltof vel inni í málu.

Það er áhyggjuefni að þingmaður á Alþingi Íslendinga skuli ekki átta sig á þessu. Það er áhyggjuefni að Alþingi Íslendinga skuli ekki hafa sett sér skýrar reglur

um hagsmunaárekstra – ekki síst þegar haft er í huga að hrúðið varð ekki síst af völdum sam-tvinnunar á peningavaldi og lög-gjafarvaldi. Og það er áhyggjuefni að útgerðarmaður skuli komast í slíka aðstöðu. Engu er líkara en að lítið sé á Alþingi og annan sam-eiginlegan vettvang þjóðarinnar, þar sem ráðum er ráðið og ákvarðanir teknar, sem nokkurs konar mið fyrir harðsækna sjósóknara að sækja á.

Á Alþingi á að sitja fólk sem hefur að leiðarljósi hag heildarinnar, hag samfélagsins – almanna-heill. Og þau almennu sjónarmið verða að ríkja við lagasetningu, ekki sjónarmið sem einkennast af skæklategi og frekju. Sú hug-mynd hefur verið innprentuð auðugu fólki hér á landi um nokkurt skeið að hagur þess sé um leið hagur fjöldans; að það sé jafnvel þjóðarhagsmunir að því vegni vel enda smítt slík velgengni út frá sér. Ekkert bendir til þess að þessi kenning eigi við rök að styðjast, og raunar fjölmargt sem sýnir fram á að þessu er einmitt öfugt farið, en fyrir vikið er eins og margir útgerðarmenn standi í þeirri trú að allt muni fara hér til fjandans ef þeir fá ekki allar óskir sínar uppfylltar. Það er auðvitað ekki svo. Og Páll Jóhann þarf að átta sig á því að það eru ekki endilega hagsmunir almennings að

fyrirtæki þeirra hjóna fái fimmtíu milljóna makrílkvóta.

Vera má að verðandi þingmenn þyrftu að fara á námskeið í sið-fræði þar sem útskýrðar væru fyrir þeim ýmsar grundvallarreglur sem þarf að hafa í heiðri í því mikilsverða starfi sem þeir hafa tekist á hendur.

Að bæta kjör – sín ...

Margt fólk kaus Framsóknar-flokkinn í síðustu kosningum í góðri trú. Þessir kjósendur töldu að með atkvæði sínu væru þeir að bæta lífskjör sín. Þeir töldu sig vera að kjósa betri lánakjör, leið-réttingu á forsendubresti, afnám verðtryggingar sem gerir skulda-byrði því þungri sem meira er af henni greitt. Þessi kjósendur töldu sig vera að velja fólk sem væri reiðubúið að „standa í lappirnar“ gagnvart „erlendum kröfuhöfum“; spekulöntum og vörögum af því tagi sem hér riðu húsnum fyrir hrun og eignuðust þrotabú banka-anna á slíkk og hugðust nú græða ógrynni fjár á ógæfu Íslendinga.

Og svo framvegis. Efnidir Fram-sóknarflokksins hafa verið því stórkostlegri í orði í ræðum for-sætisráðherra, sem þær hafa verið lítilfjörlegri á borði. Sífelld betur kemur í ljós að kerfisvandi íslenskra efnahagsmála er djúptækari en svo að peningatilfærslur úr ríkissjóði í vasa húsnæðis-

Á Alþingi á að sitja fólk sem hefur að leiðarljósi hag heildarinnar, hag samfélagsins – almanna-heill. Og þau almennu sjónarmið verða að ríkja við lagasetningu, ekki sjónarmið sem einkennast af skæklategi og frekju.

skuldara breyti ýkja miklu, ekki síst þegar verð á mat og öðrum nauðsynjum hækkar sem nemur „leiðréttingunni“; og afnám verðtryggingar virðist heldur ekki á dagskrá, enda verðtryggingin sem slík kannski fyrst og fremst afleiðing og birtingarmynd vandans sem er smæð gjaldmiðilsins, sem ríkisstjórnin hefur útilokað að hróflað verði við með slitum sínum á aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Framsóknar-flokkurinn stendur vörð um gallað kerfi en reynir að berja í brestina. Og hafa hátt á meðan. Fólk kaus Framsókn til að bæta kjör sín. Sá böggull fylgdi skammrifi að á Alþingi settust menn eins og Páll Jóhann og hófu að bæta kjör – ekki almennings – heldur sín.

Grein Guðmundar Andra átti að birtast í blaði gærdagsins. Lesendur er bednir velvirðingará þessu.

Leyfum þjóðinni að ákveða hvort ljúka eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið

Til umræðu er á Alþingi til-laga stjórnarandstöðunnar um að leyfa þjóðinni að ráða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort eigi að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið eður ei.

EVROPUMÁL

→ Virðum vilja þjóðarinnar um hvort ljúka eigi viðræðum við ESB eður ei.



Guðbjartur Hannesson þingmaður Samfylkingarinnar

Myndi aðild einfalda svörin varðandi t.d. gjaldmið-ilmál og minnka áhættuna og erfiðleika við að afnema gjaldeyrishöftin? Verða hér áfram koll-

steypur með gengisfellingum á tíu ára fresti? Mun verða auðveldara að leysa húsnæðismálin? Fáum við lægri vexti og óverðtryggð lán? Eru gengismálin og sífelld óvissa í verð-lagsmálum og hátt verðlag ástæða þess að vinnumarkaðurinn logar í kjaradeilum? Er samiburðurinn við hærri laun og betri starfs-kjör t.d. á Norðurlöndunum ástæða kjaradeilanna? Verðlag er hér hátt og við drögumst aftur úr í velferð-armálum. Hvernig lögum við það? Hér sjáum við íslenskt samfélag endurreist með aukinni misskiptingu og óréttlæti, þar sem sérhagsmunagæslan hefur forgang umfram almannahagsmuni og engin stefna um starfskjör eða framfærsluþryggingu.

Kannski er lausnin að binda okkur í samband Evrópuríkja, með strangari reglum og skuldbindingum og vinna þannig að skýrara regluverki og gegn spillingu. Kannski eru aðrar leiðir, en verðum við ekki að ræða málin og leiða til lykta samningaviðræður og sjá hverju hægt er að ná fram í samningum við Evrópusambandið? Er það ekki tilraunarinnar virði ef slíkir samningar leiða í ljós að aðild gæti verið leið til að leysa til langframa mörg af okkar brýnustu samtímaverkefnum?

Virðum vilja þjóðarinnar um hvort ljúka eigi viðræðum við ESB eður ei.

Munum þó ávallt að aðild að Evrópusambandi verður aldrei ákveðin nema af meirihluta þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum samningaviðræðum.

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun, 29. apríl kl. 17.15, í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast á frjalsi.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Veisluhöld í skömmtum

Þriðjudagur er ekki heppilegur fyrir afmælispartí að mati Maríu Lovísu fatahönnuðar, því bíður hún fram á föstudag með fyrsta teiti í tilefni sextugsafmælisins sem er í dag.

María Lovísa Ragnarsdóttir er sextug í dag. Hún er þekkt nafn í heimi fatahönnunar og hefur rekið verslun og saumastofu í yfir 30 ár, nú um langt skeið á Skólavörðustíg 6A. Hitt vita kannski færri að hún býr fyrir austan fjall og sinnir hestum meðfram hönnuninni.

„Ég bý í Tjarnarbyggð, rétt fyrir utan Sel-foss,“ segir hún. „Þetta er búgarðabyggð, góðir reiðvegir hér í kring og margir búnir að koma sér upp hesthúsum. Ég hef bara búið hér í þrjú ár en hef verið 20 ár í hrossum.“

María Lovísa hannar og sníður heima hjá sér en saumastofan er í Reykjavík. „Ég er heima á mánudögum og þriðjudögum, keyri svo í bæinn og hef aðstöðu til að gista þar þegar veðrið er brjáláð.“

Hún kveðst hafa byrjað 11 til 12 ára að teikna fót og kynnst fataframleiðslu strax eftir gagnfræðapróf. „Ég fór að vinna í Gefjun á Snorrabraut þegar ég var 17 ára, það var stór saumastofa og ég lærði mikið þar. Ég sótti líka sníðanámskeið og hélt svo í nám til Kaupmannahafnar við Margaretha-hönnunarskólann árið 1977.“

Kreppur í efnahagslífi hefur María Lovísa staðið af sér og hún segir túristana kunna vel að meta vörurnar hennar. En hvað um útrás? „Ég hef ekki farið í þá vinnu að koma fatnaðinum á framfæri erlendis. Þetta er lítið fyrirtæki, ég er bara með tvær konur með mér.“

María Lovísa á einn son og tvö barnabörn sem búa í næsta húsi svo stutt er fyrir þau að skreppa til hennar í kaffi í dag, þótt hún segi ómögulegt að vera með veislu á þriðjudegi. „Ég ætla að halda upp á afmælið í skömmtum. Fyrsti skammtur er á föstudaginn. Þá verður kvennaboð.“

gun@frettabladid.is



AFMÆLIS-BARNIÐ
María Lovísa býr fyrir austan fjall og starfar þar hluta vikunnar.

MYND/DANIEL PETERSEN

†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
ÁSGEIR J. BJÖRNSSON
kaupmaður frá Siglufirði,
Lindasíðu 4, Akureyri,
lést föstudaginn 24. apríl á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin verður auglýst síðar.



Sigrún Ásbjarnardóttir
J. Gunnlaug Ásgeirsdóttir
Gunnar Björn Ásgeirsson
Ásbjörn Svavar Ásgeirsson
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir
Magnús Guðbrandsson
Ellen Hrönn Haraldsdóttir
Sigríður Sunneva Pálsdóttir
Unnsteinn Ingason
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Okkar ástkæra
LILJA SÓLVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR
frá Brautarhóli í Svarfaðardal,
er látin. Útför hennar verður gerð frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 6. maí kl. 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Lilju Sólveigar er bent á Kristniboðssambandið, SÍK.



Fyrir hönd ástvina, Sigurður Árni Þórðarson

†
Okkar ástkæri
JÓN BERGSSON
verkfræðingur,
Sólvangsvægi 1,
áður Smárahvammi 4, Hafnarfirði,
lést á heimili sínu laugardaginn 25. apríl.



Þórdís Steinunn Sveinsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Sigurður Jónsson
Tryggvi Jónsson
Bryndís Magnúsdóttir
Guðmundur Rúnar Árnason
Helga Arna Guðjónsdóttir
Guðrún Elva Sverrisdóttir
Úlfar Hinriksson
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNAR JÓHANSSON
(GUNNI JÓ)
sjómaður frá Siglufirði,
lést á sjúkrahúsi Siglufjarðar fimmtudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 2. maí kl. 14.00.



Valey Jónasdóttir
Óðinn Gunnarsson
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jökull Gunnarsson
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Una Agnarsdóttir
Arnbjörn Eypórssen
Ásta Sigfúsdóttir
Björn Tryggvason
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
GUÐMUNDUR GÍSLASON
Glósólum 7, Kópavogi,
lést á Landspítalanum í Fossvogi 24. apríl. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 15.00.



Gísl Guðmundsson
Davíð Ágúst Guðmundsson
Lilja Guðmundsdóttir
Kristinn Guðmundsson
Þorfinnur Guðmundsson
Ingi Örn Guðmundsson
Oddrún Sverrisdóttir
Luba Sommer
Teitur Gunnarsson
Liv Anita Brekke
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNAR JÓNSSON
bíreiðastjóri,
Skúlagötu 44, Reykjavík,
lést þann 19. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Útför fer fram frá Bústaðakirkju 30. apríl kl. 13.00.



Hrund Jóhannsdóttir
Jóhann Gylfi Gunnarsson
Rannveig Gunnarsdóttir
Jóhanna Erlendsdóttir
Sigurður Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir, amma og langamma,
NANNA SIGRÍÐUR OTTÓSDÓTTIR
sjúkraliði,
Smyrlahrauni 44, Hafnarfirði,
lést mánudaginn 20. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.



Bjarnar Ingimarsson
Jóhann Guðni Bjarnarsson
Guðný Bjarnarsdóttir
Ingibjörg Bjarnarsdóttir
Ottó Albert Bjarnarsson
Guðný Jóna Þorbjörnsdóttir
Þórunn Huld Ægisdóttir
Karl Óskar Magnússon
Sigurður Pétur Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Elskulegur eiginmaður minn, sonur okkar, faðir, tengdafaðir og afi,
AXEL WOLFRAM
Kambahrauni 2, Hveragerði,
sem andaðist þann 18. apríl síðastliðinn verður jarðsönginn frá Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 29. apríl klukkan 14.00.



Ása Jóna Pálsdóttir
Ragna Ólöf Wolfram
Jóhann Rúnar Wolfram
Páll Birkir Wolfram
Sigríður Harpa Wolfram
Kolbrún Marín, Guðrún Árný, Ása Lind, Axel Hrafn, Askur Logi, Arnar Þór og Katrín Lilja.
Johan J. Wolfram
Ásdis Linda Sverrisdóttir
Jón Örn Guðjónsson

†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
LISS SCHULIN MULLER KARLSSON
Álfkonuhvarfi 59,
Kópavogi,
lést á Landspítalanum í Fossvogi 1. apríl síðastliðinn. Útför hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og hlýju við andlát hennar.



María Clara Alfreðsdóttir
Ludwig Sveinn Alfreðsson
Helga Sólý Schulín Alfreðsdóttir
Alfreð Karl Alfreðsson
Guðmundur Bjarnarson
Hrefna Guðmundsdóttir
Elvar Ólafsson
Hilma Ösp Baldursdóttir

†
Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
SIGURBJÖRN MARGEIR SIGMARSSON
Háukinn 3, Hafnarfirði,
lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi fimmtudaginn 23. apríl. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 11.00.



Guðmunda Einarsdóttir
Sigmar Sigurbjörnsson
Einar M. Sigurbjörnsson
Björn Sigurbjörnsson
Sigríður G. Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn A. Sigurbjörnsdóttir
Kristjana Sigurbjörnsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.
Helga Hansdóttir
Ráðhildur Á. Sigurðardóttir
Ólafur G. Guðjónsson
Helga Óskarsdóttir
Þorvarður Jónsson

†
Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför föður míns, sonar, bróður, tengdafaður og afa,
BENJAMÍNS VILHELMSSONAR



Guðbjörg Benjamínsdóttir
Hekla Bjarkey Magnadóttir
Guðbjörg Benjamínsdóttir
Agnes Vilhelmsdóttir
Kolbrún Vilhelmsdóttir
Guðmundur Magni Helgason
Kristófer Breki Magnason
Einar Þorvarðarson
Ólafur Skúli Guðmundsson

†
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
SIGURÐUR GUÐJÓNSSON
húsgagnasmíðameistari,
Skípalóni 8, Hafnarfirði,
lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi sunnudaginn 19. apríl. Hann verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 30. apríl klukkan 13.00.



Bjarni Erl. Sigurðsson
Guðjón Ágúst Sigurðsson
Elín Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Rut Sigurðardóttir
Herborg Friðriksdóttir
Steingrímur Páll Björnsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Heilsa og lífsstíll
SÍBS er að fara af stað með námskeið fyrir almenning í heilbrigði og lífsstíl. Í boði verða námskeið svipuð og fólk þekkir frá Reykjalundi. **SÍÐA 2**



Gott krydd
Nú er rétti tíminn til að rækta kryddjurtir innandyrna, til dæmis basilíku, steinselju og rós-marín. **SÍÐA 4**



Einstök eign í Garðabæ

Til sölu er þetta einbýli sem stendur á 2.750 m² eignarlóð með miklum trjágróðri, stórum grasflötum og fallegum hraunjaðri. Stærð hússins er 165 m² og bílskúrs 48 m², samtals 213 m². Á lóðinni gætu staðið 3 einbýli. Sólballur, heitur pottur á einstökum stað og garðhús. Mörg bílastæði og hiti undir hlöðnu plani og heimreið að húsi. Tvær stofur, fjögur svefnherbergi, stórt bað, gestabað og stórt eldhús. Eignin er að Hraunhólum 8 í Garðabæ.



Verð 60 milljónir

Upplýsingar: 899 2005 / finnurorri@gmail.com
Myndir: <https://www.facebook.com/finnurorri.thorlacius>

B-12 BOOST HREINT ORKUSPREY

GENGUR VEL KYNNIR B12 Boost er áhrifaríkur og náttúrulegur B12-vítamín-munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12, krómi og ekstrakti úr grænu tei.

HÁMARKSNÝTING

„Upptaka líkamans á B12 er ekki jafn auðveld og flestra annarra bætiefna. Meltingarvegurinn þarf því að vera í góðu standi til að ná að nýta þetta bætiefni úr fæðunni en þreyta, streita, kaffi, ýmis lyf, léleg heilsa og næringarsnauð fæði geta einnig átt þátt í lélegri upptöku,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.

Þegar B12 Boost er sprejjað í munnholið fara næringarefni beint í blóðrásina sem eykur líkur á góðri upptöku.

AÐGENGILEGT

Better You notar aðgengilegasta form B12 (methylcobalamin) sem er náttúrulegt og fyrirfinnst í efnaskiptum mannlíkamans.

Skortur á B12-vítamíni getur birst sem eftirfarandi einkenni:

- Þreyta, slen, orkuleysi
- Svimi
- Hægðatregða
- Uppþemba, vindgangur
- Lystarleysi
- Þyngdartap
- Náladofi / dofi í hand- og fótleggjum
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi
- Vitglöp og jafnvel Alzheimers-sjúkdómurinn

HLUTVERK B12 Í LÍKAMANUM

B12 er einn af grundvallarþáttum heilbrigðs taugakerfis og nauðsynlegt fyrir eðlilega meltingu á kolvetnum og fitu. Það hjálpar til við nýtingu á járn, vinnur gegn frjósemisvandamálum kvenna og er mikilvægt fyrir framleiðslu á hormónum nýrnahettanna (kortisóli, aldósteróni, adrenalíni og noradrenalíni). Einnig má nefna að B12 gegnir mikilvægu hlutverki í framleiðslu melatóníns og þar af leiðandi fyrir góðan nætursvefn.



B12 BOOST ER EINSTAKLEGA HENTUGT FYRIR FÓLK SEM

- er í annasömu starfi
- er síþreytt eða orku-laust
- er grænmetisætur eða vegan
- er yfir 60 ára
- er íþróttafólk eða stundar ákafa hreyfingu
- er barnshafandi eða með barn á brjósti
- ferðast mikið

NÁNAR

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is. Útsölastaðir: flest apótek og heilsu-búðir.

Áttu í erfiðleikum með að koma hörfræolíunni niður?

Nú fáanleg í hylkjum!

- Ein besta uppspretta omega 3 fitusýra sem völ er á
- Fyrir hormóna-, tauga-, hjarta- og æðakerfin, og heilbrigði frumuvegga.

Fæst í Hagkaup, Fjarðarkaup, Heilsuhúsinu, Iceland, Garðapóteki, Apóteki Garðabæjar, Lyfjaveri, Lyfsalanum, Árbajarapóteki, Urðarapóteki, Borgarapóteki, Lyfju Smáratorgi og Apótekarinum Helluhrauni.



Nýtt

Natural Health Labs

RASPBERRY KETONES

Hindberja brennsla

- Fitubrennsla
- Fitusöfnun
- Blóðþrýstingur
- Orka og úthald



MAGNOLIA OFFICINALIS

Heilbrigður svefn

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði



GARCINIA CAMBOGIA

Citrus brennsla

- Svengd
- Sætupörf
- Minna kvöldsnarl
- Fitu-uppbygging



GREEN COFFEE

Græn brennsla

- Matarlyst
- Brennsla
- Fyrir æfingar
- Orka og úthald



Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Sportlif, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM.ehf

Býður betra val

Alltaf 100% náttúrulegt

www.balsam.is

ZenBev - náttúrulegt Triptófan

Melatónín úr graskersfræjum

NÝTT

Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

Visindaleg sönnun á virkni sjá vitex.is

Melatónín er talið minnka líkur á blöðruhálskirtilskrabbameini sjá vitex.is

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is



Rauðrófu kristall
Beta blóðflæði - Betri heilsa

Upplýsingar í síma 896 6949 og www.vitex.is

Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992
Uppgötvun á Nitric Oxide var upphafið á framleiðslu rislyfja

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna Nitric Oxide

Breyting nitrats úr fæðu í Nitric Oxide byrjar í munn, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvæformi, en ekki töfluformi.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Superbeets Nitric Oxide allt að 5 sinnum öflugra
1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa



Betri gallabuxurnar

Verð 13.900 kr.

4 litir: blátt, svart, hvítt, ljósbeige.

Stærð 34 - 54.

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516



Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817




ÝMIS BJARGRÁÐ Á námskeiðinu eru þátttakendum kynnt ýmis bjargráð sem þeir geta beitt fyrir sig ef þörf er á en það er margsannað að lífsstíll hefur langmest áhrif á sjúkdómsþróun. Með því að stemma stigu við óheillaþróun er hægt að koma í veg fyrir langvarandi sjúkdóma.

GÓÐ NÁMSKEIÐ FYRIR ALMENNING

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI SÍBS, sem rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund, hefur tekið upp þá nýbreytni að bjóða almenningi upp á námskeið um heilbrigði og lífsstíl. Það fyrsta er Hugarfar og heilsuefning.

„Hingað til hafa námskeið Reykjalundar einungis verið fyrir þá sem eru þar í meðferð og endurhæfingu. Hugmyndin með Reykjalundarnámskeiðum SÍBS er að almenningur geti nú notið þess besta sem Reykjalundur hefur upp á að bjóða en kennarar á námskeiðinu eru okkar færustu sérfræðingar á hverju sviði,“ segir Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS. „Þetta eru sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar og iðjuþjálfarar og byggja þeir námskeiðin á þeim aðferðum sem beitt er á Reykjalundi.“

Á fyrsta námskeiðinu verður farið yfir helstu lífsstílsbreyturnar; allt frá mataræði og hreyfingu yfir í streitu og svefn. „Þátttakendum eru svo kynnt ýmis bjargráð sem þeir geta gripið til ef þörf er á en það er margsannað að lífsstíll hefur langmest áhrif á sjúkdómsþróun og með því að stemma stigu við óheillaþróun í upphafi er hægt að koma í veg fyrir langvarandi sjúkdóma,“ segir Guðmundur. Á teikniborðinu er jafnframt námskeið um svengdarvitund sem Guðmundur segir mikilvægt að æfa ef þörf er á að taka mataræðið í gegn. „Í haust munum við svo bæta fleiri námskeiðum við en allt miðar

þetta að því að auka forvarnarstarf sem er eitt af lykilhlutverkum SÍBS ásamt því að stuðla að almennri vitundarvakningu um heilbrigðan lífsstíl og að veita stjórnvöldum aðhald.“

Fyrsta námskeiðið sem hefst í dag er að sögn Guðmundar nokkuð umfangsmikið. Kennt er í húsnæði SÍBS að Síðumúla 6 frá 16.30 til 18.30 í sex skipti og lýkur námskeiðinu 19. maí. Hann segir námskeiðið hafa fengið góðar undirtektir. „Það er hugsað fyrir alla sem vilja huga að bættri andlegri og líkamlegri heilsu. Sumir hafa fengið viðvörun annaðhvort frá eigin líkama eða lækni og hafa ákveðið að grípa til sinna ráða, en eins og við vitum erum við hvert um sig okkar eigin gæfu smiðir þegar kemur að heilsunni. Aðrir hafa mikinn áhuga á málefnum sem verða til umfjöllunar og vilja læra meira og skilja betur.“

Guðmundur segir SÍBS ábyrgjast faglegt innihald námskeiðanna enda aðeins sérfræðimenntað fólk sem stendur að þeim. „Stefnan er að þau verði varanlegur hluti af forvarnarstarfi okkar og að þau komi sem flestum að gagni.“ Allar nánari upplýsingar er að finna á sibs.is.



HVER ER SINNAR GÆFU SMÍÐUR

Guðmundur segir fyrsta námskeiðið fyrir alla sem vilja huga að bættri andlegri og líkamlegri heilsu. Á teikniborðinu er svo námskeið um svengdarvitund svo dæmi séu nefnd.

LÍKAMSKREM CATE BLANCHETT

Leikkonan Cate Blanchett var spurð í tímaritinu InStyle UK hvernig hún færi að því að halda húðinni svona falglegri? Svar hennar kom mörgum á óvart því Cate kaupir ekki dýr krem heldur býr til sitt eigið. Blandan er sögð fríska upp húðina og gera hana silkimjúka. Cate blandar saman í skál macadamia-olíu, grape-ávexti og sjávarsalti. Hægt er að skipta macadamia-olíunni út fyrir góðri ólífuolíu. Macadamia-olía er frekar dýr en mjög góð og þess vegna er frekar mælt með henni.

Til að prófa sig áfram er hálfur bolli af góðu sjávarsalti settur í skál, safi úr fjórðungi úr grape-

ávexti og tvær matskeiðar af olíu. Blandan á að vera nokkuð þykk. Blöndunni er nuddað á líkamann, til dæmis áður en farið er í sturtu. Gott er að nudda blöndunni á hart skinn á fótum. Lofað er góðum árangri svo endilega að prófa.

Cate, sem er 45 ára, þykir einstaklega glæsileg kona. Hún segist hugsa vel um sjálfa sig. Gætir sín sérstaklega vel á því að streita nái ekki tökum á sér. Cate er áströlsk og segist oft horfa til frumbyggja og hvernig þeir vörðu húð sína og ungra barna sinna með feitri olíu. Hún segist hafa lært af þeim. Þá drekkur hún alltaf volgt sitrónuvatn á morgnana.



GLÆSILEG Cate Blanchett kaupir ekki dýr krem heldur býr til sinn eigin líkamskrúbb.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

asics®



NÝ VEFVERSLUN! WWW.SPORTIS.IS



DÖMUJAKKI
KR. 17.990.-



HERRAJAKKI
KR. 17.990.-



DÖMUBOLUR
KR. 14.990.-



HERRABOLUR
KR. 14.990.-



NIMBUS KR. 30.990.-



KAYANO KR. 32.990.-



NIMBUS KR. 30.990.-



KAYANO KR. 32.990.-

SPORTÍS


MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS



LÁRA JÓNSDÓTTIR Í BLÓMAVALI „Þetta er einmitt rétti tíminn til að byrja ræktun á kryddjurtum,“ segir Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingur. MYNDIR/GVA

OptiBac probiotics

Gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu



PRENTUN 15



„Ég mæli með því að konur velji náttúrulegu leiðina gegn þrálátum sýkingum og sem forvörn.“

Valbjörg Þórðardóttir
hjúkrunarfræðingur

Fæst í apótekum og heilsubúðum



Visir þú að...
Ófæðisfúllir tölvuleikir
hafa áhrif á börn.

HOLLUSTA Í GLUGGA

KRYDDJURTIR Það er einfalt að rækta kryddjurtir heima fyrir og þær eru ódýrar og bráðhollar. Nú er rétti tími ársins til að huga að ræktun þeirra.

Samkvæmt dagatalinu er komið sumar þótt landsmenn séu ekki endilega allir tilbúnir að samþykka það. Þessir síðustu dagar apríl-mánaðar eru tilvaldir til að undirbúa kryddjurtaræktun heima, hvort sem forræktaðar kryddjurtir eru notaðar eða sáð er fyrir þeim. Kryddjurtir eru bráðhollar, ódýrar og hægt að nota á margvíslega vegu í matargerð. Það er líka einfalt að rækta kryddplöntur heima fyrir, aðallega þarf að huga að góðri mold, réttri vökvun og góðri birtu að sögn Láru Jónsdóttur garðyrkjufræðings.

„Þetta er einmitt rétti tíminn til að byrja ræktun á kryddjurtum og fleira góðgæti. Aðstæður fólks eru auðvitað mismunandi heima fyrir; sumir nýta gluggakistuna, aðrir hafa yfirbyggðar svalir eða garðskála sem ýmist eru upphitaðir eða kaldir og gróðurhúsin lifa enn góðu lífi. Þegar komið er fram í miðjan maí er óhætt að rækta úti í pottum, kerum og beðum.“

Algengustu kryddjurtir sem ræktaðar eru hérlandis að sögn Láru eru steinselja, basilíka, kóríander, dill, graslaukur, rósmarín, timjan, oreganó og salvía svo nokkur dæmi séu tekin.

Þeir sem lenda í lífshættu tala stundum um að þeir hafi séð glefsur úr lífi sínu þegar lífshættan var sem mest. Minningar sem helltust yfir. Þegar maður setur þetta í samhengi við nútímamanninn veltir maður fyrir sér hvort þeir sem eru duglegastir á netinu muni sjá öll Facebook-rifrildin í huga sér þegar þeir lenda í lífshættu. Ætli þeir horfi þá stoltir til baka yfir öll þau skipti sem þeir leiðrétu stafsetningu til að lítillækka þann sem rifist var við?

Ég á svo erfitt með að skilja hvernig fólk nennir að eltast við nöldrið og rifrildin daginn út og daginn inn. Og það á Facebook og netinu. Og ef við pælum í því þá eru í raun

engin skoðanaskipti sem eiga sér stað á Facebook. Bara fólk sem reifar sinn málstað, les ekki það sem aðrir skrifa og svo endar málið með því að allir segjast vera sammála um að vera ósammála. Og halda bara áfram í sínu horni; með sömu hugmyndir og áður. Ekkert breytt.

MÉR er persónulega svo nákvæmlega sama hvað einhverjum gömlum manni finnst um hinsegin fólk og alla þá sem eru öðruvísi en hann. Og mér er svo nákvæmlega sama hvað einhverju fólk sem hringir inn á Útvarp Sögu finnst. Hvernig nennir fólk eiginlega að eltast við þetta? Hver er tilgangurinn? Að sannfæra hlustendur útvarpsstöðvar um að þeir hafi rangt fyrir sér? Leyfum þessu fólk bara að hafa sínar ranghugmyndir í friði og eyðum

tímanum okkar í eitthvað viturlegra. Til dæmis að halda partí.

ÞÓ viðurkenni ég fúslega að ég hef ekki upplifað allt það rugl sem hinsegin fólk hefur þurft að ganga í gegnum, bara til þess að eiga eðlilegt líf. Og ber fulla virðingu fyrir baráttu þess. En ég get samt ekki gert að því að mér þykir alltaf svolítið sérstakt að kæra einhvern fyrir það sem hann segir. Með því er nefnilega verið að gefa orðunum vigt og vægi. Ég myndi halda að svarið við öllum þessum forðum sé bara að halda gleðigöngu; að halda partí.

PANNIG að já, svarið við allri þessari neikvæðni er bara að vera þolinmóð, því breytingarnar taka tíma. Og umfram allt. Muna að halda partí.

Grunnskólarokkarar ætla sér stóra hluti í tónlistinni

Meðalaldur hljómsveitarinnar Meistarar dauðans er rétt rúm 13 ár, en engu að síður stefnir hún á útgáfu plötu. Strákarnir eru synir tónlistarmanna og hafa unnið með mörgum þekktum.

„Við ætlum okkur að taka tónlistarferilinn af alvöru,“ segir Áspór Loki Rúnarsson, hinn sextán ára aldursforseti sveitarinnar Meistarar dauðans. Með honum í sveitinni er yngri bróðir hans, Þórarinn Peyr Rúnarsson, sem spilar á trommur, og Albert Elías Arason, sem spilar á bassa. Þórarinn er 11 ára og Albert 15 ára.

Þrátt fyrir ungan aldur hafa strákarnir vakið athygli fyrir skemmtilega rokk-tónlist og eiga tilbúna plötu sem þarf að taka upp. „Til þess að geta staðið straum af kostnaði við upptökur og vinnslu höfum við farið af stað með söfnun í gegnum Karolinafund, þar sem fólk getur forpantað plötuna,“ útskýrir Áspór og bætir við ábyrgur í rómi: „En við viljum taka það fram að ef ekki tekst að safna að fullu fyrir plötunni fá allir endurgreitt.“

Gaman að vera með litla bróður í sveit

Áspór segir að það styrki bara bræðraböndin að vera með litla bróður sínum í hljómsveit. „Ég held að margir telji það erfiðara en það er í raun að vera með litla bróður sínum í sveit. Mér finnst það efla samheldnina hjá sveitinni að við séum bræður og við hjálpmst betur að sem bræður.“

Upphaf sveitarinnar má rekja til heimsóknar þeirra bræðra til Alberts bassaleikara. „Þabbar okkar voru saman í hljómsveit og eru góðir vinir. Við vorum í heimsókn hjá Alberti þegar við heyrðum hann djamma á bassann. Fyrst héldum við að þetta væri pabbi hans, sem er mjög góður bassaleikari. En svo föttuðum við að pabbi hans var frammi og þá rann upp fyrir okkur að Albert var svona rosalegur á bassann. Þá kviknaði hugmyndin að því að stofna hljómsveit.“

Tvívæðni í nafninu

Áspór segir að nafnið á sveitinni hafi komið þegar hún skráði sig á Músíktílaunir í fyrsta sinn. „Fyrst var þetta bara vinnuheiti. En svo festist þetta bara við okkur. Nafnið hljómar kannski svolítið ýkt og „desperate“ í fyrstu. En við horfum á tvívæðnina í nafninu og



Á SAMFÉS Hér má sjá sveitina troða upp á Samfestingi, Samfésballinu. Áspór er þarna með gítarinn.

finnst það skemmtilegt,“ útskýrir hann kampakátur. Áspór segir að lagasmíðarnar séu verkefni liðsheildarinnar, að strákarnir semji lögin sín í sameiningu. „Ég sem alla textana og kem oft með hugmyndir að gítarriffum. Strákarnir bæta svo við og þannig verður þetta að flottri heild.“

finnst það skemmtilegt,“ útskýrir hann kampakátur. Áspór segir að lagasmíðarnar séu verkefni liðsheildarinnar, að strákarnir semji lögin sín í sameiningu. „Ég sem alla textana og kem oft með hugmyndir að gítarriffum. Strákarnir bæta svo við og þannig verður þetta að flottri heild.“

Æfa reglulega

Strákarnir æfa reglulega, að sögn Áspórs. „Við notum helgarnar í að æfa yfirleitt. Við erum mjög uppteknir á virkum dögum, því við erum allir í tónlistarnámi og fleiru. En við æfum okkur vel hver í sínu lagi, að minnsta kosti í hálf-tíma á dag.“

Sveitin hefur komið fram víða. Hún spilaði á Samfestingi í ár, reyndi fyrir sér í Ísland Got Talent, hefur leikið á Músíktílaunum og hlaut Úptaktinn, verðlaun Barnamenningarháttíðar 2013, fyrir lagið Sálfræðingur dauðans. Lagið, sem samið var af sveitinni,

var fallega útsett og flutt af klassískri hljómsveit. Jónas Sigurðsson sá svo um sönginn.

Sveitin spilar alls kyns rokk að sögn Áspórs. „Við elskum rokk og ról. En þetta er mjög víðtækt hjá okkur. Spilum þungt og létt rokk í bland. Við erum mikið fyrir hraðan metal og þess háttar. En fyrst og fremst leggjum við

mikið upp úr grípandi laglínum og skemmtilegum hljóðfæraleik.“

Áhugasamir geta forpantað plötu sveitarinnar í gegnum Karolinafund og fylgst með á Vísi í dag, þar sem hægt verður að hlusta á lög sveitarinnar. kjartanati@365.is



BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

Citizenfour	18.00	The Grump	20.00
Wild tales	18.00	Stations of the cross	22.10
Blind	18.00, 20.10	Whiplash	22.00
Black coal, thin ice	20.20, 22.20		

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



LAUGARDAGUR KL. 01.00

FLOYD MAYWEATHER GEGN **MANNY PACQUIAO**

STAERSTI BOXBARDAGI ÁRSINS



TRYGGÐU
ÞÉR ÁSKRIFT Í
SÍMA 1817 EÐA
Á 365.IS

**BUBBI
OG
ÓMAR
LÝSA**



Eftir áralangar viðræður er loksins komið að einum stærsta bardaga síðari ára. Þrátt fyrir að Bandaríkjamaðurinn **Mayweather** þyki sigurstranglegri státtar **Pacquiao** af þeim ótrúlega árangri að hafa orðið heimsmeistari í átta mismunandi þyngdarflokkum. Mayweather hefur armlengdina fram yfir andstæðing sinn en Pacquiao er mikill stemningsmaður og nýtur athyglinnar sem fylgir viðureign sem þessari. Bubbi og Ómar verða veislustjórar kvöldsins.

Spá Fréttablaðsins

**PEPSI
DEILDIN
2015**
Hefst 3. maí



- | | |
|------------|-------------|
| 1. SAETI ? | 7. Víkingur |
| 2. SAETI ? | 8. Keflavík |
| 3. SAETI ? | 9. Fjölnir |
| 4. SAETI ? | 10. ÍA |
| 5. Fylkir | 11. ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

FYLKIR HAFNAR
Í 5. SAETI

Fylkismenn klúðruðu Evrópusæti á ævintýralegan hátt í lokaumferðinni í fyrra og geta sjálfir sér um kennt.

Liðið hefur styrkt sig með heimamönnum en Ásgeir Börkur og Ingimundur Niels eru komnir aftur.

Kjarninn sem skilaði liðinu þriðja sæti með 43 stig sumarið 2009 er allur kominn aftur og því ástæða fyrir Fylkismenn að vera mátulega bjartsýnir.

→ Lykilmaðurinn í sumar

Það er mikið fagnaðarefni fyrir Fylkismenn að **Ingimundur Niels Óskarsson** sé kominn aftur, en hann skoraði tíu mörk í 21 leik síðast þegar hann spilaði fyrir Fylki. Það kveikti áhuga FH og hefur hann dvalið þar undanfarin tvö ár. Ingimundur er frábær kantmaður sem getur tekið menn á, gefið fyrir og skilað mörkum sem er ómetanlegt. Það er ekki að ástæðulausu að Fylkismenn fengu samkeppni frá þremur liðum úr deildinni um hann.



→ Binni bjartsýni

Evrópa heillar

Árið er 2009 – aftur. Það eru bara bestu liðin sem eru með fjóra ása eða fleiri á hendi og við erum eitt af þeim. Ég er byrjaður að pakka fyrir næstu Evrópuferð.

→ Siggi svartýni

Sterkari vörn

Ertu að gleyma vörninni, Binni? Valur Fannar, Óli Stígs, Stjáni Vald? Við vorum með sterkari vörn þá og hún skilar árangri.

→ Nýju andlitin

Ásgeir Börkur Ásg. GAIS
Ingimundur Niels Ó. FH
Jóhannes Karl Guðj. Fram
Reynir Haraldsson ÍR
Tonci Radovnikovic Króatíu

Fylgstu með þessum
Ásgeir Eypórsson Miðvörðurinn ungi festi sig í sessi í fyrra og spilaði mjög vel. Stór og sterkur miðvörður sem er öflugur í loftinu og les leikinn vel. Strákur sem getur slegið í gegn í sumar.

EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ PJÁLFAFINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ LIÐSSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

Gengið síðustu sex tímabil | 2009 3. sæti | 2010 9. sæti | 2011 7. sæti | 2012 7. sæti | 2013 7. sæti | 2014 6. sæti • Íslandsmeistari Aldrei (2. sæti 2000, 2002) • Bikarmeistari 2 (síðast 2001)

ÚRSLIT

OLÍSDEILD KVENNA

UNDANÚRSLIT, FYRSTI LEIKUR

GRÓTTA - ÍBV 22-25 (10-12)

Gróttu-kvenna - Mörk (skot): Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 8 (12), Eva Björk Davíðsdóttir 5/3 (8/4), Lovísa Thompson 3 (5), Karólína Bæhrenz Láruddóttir 2 (4), Guðný Hjaltadóttir 1 (1), Anett Köbli 1 (2), Eva Margrét Kristinsdóttir 1 (2), Sunna María Einarsdóttir 1 (6), Arndís Erlingsdóttir (2),
Varin skot: Íris Símonardóttir 10/1 (35/4, 29%).

ÍBV-kvenna - Mörk (skot): Vera Lopes 11 (17), Ester Óskarsdóttir 6 (13), Drífa Þorvaldsdóttir 5/3 (6/3), Telma Silva Amado 3 (4), Elín Anna Baldursdóttir (1/1), Diana Dögg Magnúsdóttir (2),
Varin skot: Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 11/1 (28/3, 39%), Eira Rós Sigmarsdóttir (5/1, 0%).

FRAM - STJARNAN 23-21 (13-11)

Fram-kvenna - Mörk (skot): Elísabet Gunnarsdóttir 8/2 (11/4), Ragnheiður Júlíusdóttir 4/1 (14/2), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (4), Marthe Sördal 3 (6), Steinunn Björnsdóttir 2 (6), Guðrún Þóra Hálfhánsdóttir 1 (3), Hulda Dagsdóttir 1 (3/1), Hekla Rún Amundadóttir 1 (4),
Varin skot: Hafdís Torfadóttir 21/3 (42/6, 50%).

Stjarnan-kvenna - Mörk (skot): Helena Rut Örvarsdóttir 10 (24), Sólveig Lára Kjærnestad 5/2 (6/2), Þórhildur Gunnarsdóttir 3/1 (7/3), Alina Tamasa 1 (1), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1 (2), Nataly Sæunn Valencia 1 (4), Sandra Sif Sigurjónsdóttir (1), Stefánía Theodórsdóttir (1/1),
Varin skot: Florentina Stanciu 15/3 (38/6, 39%).

DOMINO'S-DEILD KVENNA

LOKAÚRSLIT, 3. LEIKUR

SNÆFELL - KEFLAVÍK 81-80

Snæfell: Kristen Denise McCarthy 24/6 fráköst/5 stoðsendingar/3 varin skot, Gunnhildur Gunnarsdóttir 17/7 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 13/12 fráköst, María Björnsdóttir 11/6 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 6/4 fráköst/3 varin skot, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 4, Berglind Gunnarsdóttir 4, Hugrún Eva Valdímarsdóttir 2
Keflavík: Sara Rún Hinriksdóttir 31/6 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 13/13 fráköst/8 stoðsendingar/3 varin skot, Carmen Tyson-Thomas 12/12 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 10/8 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 10, Marín Laufey Davíðsdóttir 2, Lovísa Falsdóttir 2.



UTAN VALLAR Alexander fylgdist með af hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiðinlegt að vera meiddur

HANDBOLTI „Staðan er ekki góð á mér, því miður,“ segir Alexander Petersson en óvissa er um þátttöku hans í leiknum gegn Serbum í undankeppni EM annað kvöld.

„Ég meiddist í síðasta leik á nára. Það er einhver rífa í vöðva. Ég get ekkert æft og er bara að æfa með sjúkrahjúfara. Það er erfitt að segja hvort ég get eitt-hvað verið með. Við vinnum í þessu fram að leik og vonum það besta. Það yrði hundfúllt að missa af þessum leik og reyndar er alltaf leiðinlegt að vera meiddur. Það er ekki fjör í því að koma hingað og bora í nefið og horfa upp í loftið.“

Ef Alexander verður ekki með mun mæða meira á þeim Ásgeiri Erni Hallgrímssyni og Rúnari Kárasyni. - hbg



TVEIR Í RÖÐ Hildur Sigurðardóttir lyftir Íslandsmeistarabikarnum annað árið í röð, en þetta var líklega hennar síðasti leikur á ferlinum. MYND/SUMARLIÐI ÁSGEIRSSON

Við viljum ekki hætta núna

Snæfell varð Íslandsmeistari í körfubolta kvenna annað árið í röð eftir sigur á Keflavík í lokaúrslitunum, 3-0. Liðið vann með minnsta mun, 81-80, í Stykkishólmi í gær við ærandi fögnuð heimamanna í Hólminum.

KÖRFUBOLTI Snæfell varð Íslandsmeistari í Domino's-deild kvenna annað árið í röð eftir æsilegan sigur á Keflavík í gærkvöldi, 81-80. Snæfellingar unnu þar með rímmuna 3-0 og hafa nú unnið sex leiki í röð í lokaúrslitunum um Íslandsmeistaratilinn.

Þrátt fyrir meiðsli lykilmanna og villuvandræði náðu heimamenn að stíga upp þegar mest á reyndi í gær. Keflavíkurkonur voru að elta framan af leiknum en komust yfir með góðu áhlaupi í fjórða leikhuta sem hleypti mikilli spennu í leikinn.

„Þetta eru spennufíklar. Ég bara næ þessu ekki,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells,

eftir sigurinn í gær en allir þrír leikurnir í rímmunni voru jafnir og spennandi.

Kristen McCarthy var valin mikilvægasti leikmaður úrslitakeppinnar en hún var stigahæst í liði Snæfells með 24 stig. Hún nýtti þó aðeins tölfrá 34 skotum sínum í leiknum og var fyrst til að viðurkenna að hún hafi oft spilað betur.

„Ég er afar stolt af því að hafa unnið „MVP-verðlaunin“ í kvöld en það voru liðsfélagar mínir sem eiga heiðurinn skilið fyrir sigurinn í kvöld. Ég var bara ekki að hitta nógu vel en þá var frábært að sjá hversu sterka liðsheild við eigum og hversu margir lögðu sitt á vogarskálarnar.“

McCarthy lofaði dvöl sína í Stykkishólmi í vetur en hún stefnir á að spila í sterkari deild á næsta ári. „Ég elska Snæfell og elska að vera hér í þessum bæ. Það var einfaldlega yndisleg tilfinning að fá að vera hluti af meistaraliði í vetur. Ég er svo ánægð fyrir hönd liðsins og allra í samfélaginu.“

Sigurður Ingimundarson hrósaði sínu liði í kvöld en þar fór hin stórefnilega Sara Rún Hinriksdóttir fyrir liði Keflavíkur með 31 stig.

„Hún var næstum búin að vinna þennan leik fyrir okkur í kvöld og átti að fá boltann í síðustu sókninni og hver veit hvað hefði gerst ef hún hefði fengið boltann,“ sagði Sigurður. Hann lýsti þó óánægju

sinni með frammistöðu hennar bandarísku Carmen Tyson-Thomas sem skoraði tólf stig – öll í síðari hálfleik.

„Hún átti að vera í leiðtogahlutverki í okkar unga liði en það var hún alls ekki. Við lentum því í vandræðum,“ sagði Sigurður.

Ingi Þór segist alls ekki hætta og stefnir á þrennunga á næsta ári, þó svo að Hildur Sigurðardóttir segi að leikurinn í gær hafi verið sá síðasti á ferlinum.

„Ég sé bara ekki fyrir mér að Hildur sé að hætta. Þó svo að hún ætli sér að taka sumarleyfi þá sjáum við til hvað hún gerir í haust. Við erum alls ekki hætta hér í Stykkishólmi.“ eirikur@frettabladid.is

Þjálfar áfram Þórsara en nú á Akureyri

Benedikt Guðmundsson samdi við Þór og fær í hendurnar einn allra efnilegasta körfuboltamann landsins.

KÖRFUBOLTI Þór á Akureyri fékk góðan mann um borð í skútuna í gær þegar þjálfarinn Benedikt Guðmundsson skrifaði undir þriggja ára samning við félagið.

Benedikt hefur fyrir löngu sannað sig sem einn snjallasti þjálfari landsins en hann hefur meðal annars unnið titla með KR og gerði svo frábæra hluti hjá Þór í Þorlákshöfn. Hann lét af störfum í Þorlákshöfn á dögnum.

„Ég er búinn að vera spennur fyrir þessu allan tímann,“ segir Benedikt en hann fer niður um deild. Þór var í neðsta sæti í 1. deildinni á síðasta ári, vann aðeins einn leik en fellur ekki þar sem það á að fjölga í deildinni.

„Ég heimsótti félagið, skoðaði allt og ég held að þetta sé málið núna. Þetta er ungt lið og það verður spennandi að móta lið þarna eftir mínu höfði.“

Benedikt hefur tröllatru á því að það sé hægt að búa til sterkt félag á Akureyri.

„Þetta er stórt bæjarfélag og fullt af krökkum þarna. Við byggjum þetta upp frá grunni. Byrjum á að búa til áhuga og þá þarf meistaraflökkurinn að vera sprækur. Ég sé helling af tækifærum þarna.“

Í liði Þórs er einn efnilegasti leikmaður landsins. Sá heitir Tryggvi Snær Hlinason og er aðeins 17 ára. Hann er 214 sentimetrar að hæð.

„Það verður gaman að vinna með honum. Hann er tiltölulega nýbyrjaður og á langt í land. Ég hef unnið með strákum eins og Ragnari Nathanaelssyni og þessir stóru strákar hafa ýmislegt sem er ekki hægt að kenna.“

Benedikt hefur skólað til marga af bestu leikmönnum landsins og


kann því vel að vinna með ungum mönnum sem hann getur kennt íþróttina.

„Auðvitað er alltaf gaman að taka við þroskuðu og fullmótuðu liði sem getur verið í titilbaráttu en mér finnst ekki síður gaman að taka við ómótuðu liði og byggja það upp. Búa til samkeppnishæft lið,“ segir Benedikt en það er verk að vinna eins og áður segir, enda vann liðið aðeins einn leik í vetur. Hvað með markmiðin?

„Það verður gerð atлага að því að fara upp næsta vetur. Svo verður að koma í ljós hvað gerist enda vann liðið aðeins einn leik í vetur. Ég ætla því ekki að vera með of stórar yfirlýsingar til að byrja með. Ég reyni kannski að fá einhverja leikmenn með mér norður í verkefnið,“ segir Benedikt Guðmundsson.



BYRJUNARREITUR Aftur hefst uppbygging hjá Benedikt. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



Beltone **First**[™]



Ókeypis
heyrnarmæling
síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**[™] heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir
iPod iPhone iPad

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



DAGSKRÁ



19:40

SÆLKERAHEIMSREISA UM REYKJAVÍK

Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Í þessum þætti heimsækjum við japanskt eldhús í Reykjavík þar sem tvær japanskar vinkonur, Asako og Mai, segja okkur frá þeim mat sem þær voru aldar upp við í Japan. Við lærum að búa til ótrúlega einfalt Sushi og gómsæta japanska smárætti. Japanskt ævintýri í miðri Reykjavík!

FRÁBÆR
PRÍÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:50

VEEP

Fjórða þáttaröðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki forseta Bandaríkjanna.



HBO

21:20

A.D.: KINGDOM AND EMPIRE


Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans.



22:00

IN A WORLD

Gamanmynd um unga konu sem vinnur sem raddþjálfari í Hollywood.



21:00

BROADCHURCH

Magnþrúgnir spennuþættir þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufrúanna Alec Hardy og Ellie Miller.



22:00

ONE BORN EVERY MINUTE US

Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



19:00

FERÐIN TIL TUNGLSINS

Skemmtileg teiknimynd um þrjár hressar húsfugur sem gerast laumufarþegar um borð í geimskipi á leið til tunglsins.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

Nánari upplýsingar á 365.is

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle (12:24)
08.30 Restaurant Startup (1:8)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors (17:50)
10.15 Anger Management (19:22)
10.40 Friends With Better Lives (2:13)
11.05 The Face (3:8)
11.50 The Smoke (5:8)
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent (7:18)
13.55 Britain's Got Talent (8:18)
15.05 Britain's Got Talent (9:18)
15.30 Mr Selfridge (4:10)
16.15 Mr Selfridge (5:10)
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan (7:22)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.40 Sælkerahemsreisa um Reykjavík (3:8) Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst þeirra matarmenningu og síðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni.
20.05 Modern Family (20:24)
20.30 The Big Bang Theory (22:24) Áttunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.
20.50 Veep (2:10)
21.20 A.D.: Kingdom and Empire (4:12)
22.05 Gotham (20:22)
22.50 Last Week Tonight With John Oliver (11:35)
23.20 Louie (13:13)
23.45 Grey's Anatomy (20:25)
00.30 Bones (23:24)
01.15 Girls (10:10)
01.50 Abduction
03.30 Paranoia
06.20 Modern Family (20:24)

SPORT besta sætið

- 07.00** Snæfell - Keflavík
08.30 Napoli - Wolfsburg
11.20 Espanyol - Barcelona
13.00 Barcelona - PSG
14.40 Meistarad. - Meistaramörk
15.10 Sportsþjallið Þegar Gaupi hitti Bogdan.
15.45 Celta - Real Madrid
17.25 Spænsku mörkin
17.55 Barcelona - Getafe BEINT
19.55 Goðsagnir efstu deildar Í fyrsta þætti þessarar flottu seríu um goðsagnirnar í efstu deildinni verður fjallað um Inga Björn Albertsson, son Alberts Guðmundssonar, fyrsta atvinnumanns Íslands. Ingi Björn er einn mesti markaskorari Íslandssögunnar og átti markametíð í efstu deild frá 1986-2012.
20.25 Snæfell - Keflavík
21.55 KR - Tindastóll
23.30 Barcelona - Getafe
01.10 UFC Now

SPORT 2 enski boltinn

- 07.05** Messan
08.15 Football League Show
08.45 Everton - Man. Utd.
10.25 Crystal Palace - Hull
12.10 Messan
13.20 Bournemouth - Bolton
15.00 Arsenal - Chelsea
16.50 Man. City - Aston Villa
18.35 Hull - Liverpool BEINT
20.35 Ensku mörkin - úrvalsdeild
21.30 Messan
22.40 Southampton - Tottenham
00.25 Hull - Liverpool

INN

- 20.00** Hrafnaping **20.30** Hrafnaping **21.00** Eldað með Holta **21.30** Móti

STÖÐ 3

- 18.40** Baby Daddy (10:22)
19.00 Wipeout
19.45 Traffic Lights (8:13)
20.10 10 Items or Less (3:8)
20.35 One Born Every Minute UK (7:14)
21.25 Pretty little liars (24:25)
22.10 Flash (18:23)
22.50 Arrow (19:23)
23.35 The 100 (4:16)
00.15 Wipeout
01.00 Traffic Lights (8:13)
01.45 One Born Every Minute UK (7:14)
02.30 Pretty little liars (24:25)
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **07.45** Daddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Tommi og Jenni **08.55** UKI **09.00** Kalli á þakinu **09.22** Ljótí andarunginn og ég **09.47** Víkingurinn Vic **10.00** Strumparnir **10.25** Ævintýri Tinna **10.47** Latibær **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **11.45** Daddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Tommi og Jenni **12.55** UKI **13.00** Kalli á þakinu **13.22** Ljótí andarunginn og ég **13.47** Víkingurinn Vic **14.00** Strumparnir **14.25** Ævintýri Tinna **14.47** Latibær **15.00** Könnuðurinn Dóra. Skemmtileg þáttaröð með vinsælustu vinkonu allra barna, Dóru og vinum hennar. **15.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **15.45** Daddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Tommi og Jenni **16.55** UKI **17.00** Kalli á þakinu **17.22** Ljótí andarunginn og ég **17.47** Víkingurinn Vic **18.00** Strumparnir **18.25** Ævintýri Tinna **18.47** Latibær **19.00** Ferðin til tunglsins. Skemmtileg teiknimynd um þrjár hressar húsfugur sem gerast laumufarþegar um borð í geimskipinu Apollo 13 sem er á leið til tunglsins.

GULLSTÖÐIN

- 18.00** Friends (22:23)
18.25 Modern Family (7:24)
18.45 The New Girl (8:23)
19.10 The Big Bang Theory (2:24)
19.35 Veggfóður (17:20)
20.15 Grimm (1:22)
21.00 Broadchurch (4:8)
21.50 Chuck (18:19)
22.35 Cold Case (4:23) (Colors)
23.20 Veggfóður (17:20)
00.00 Grimm (1:22)
00.45 Broadchurch (4:8)
01.35 Chuck (18:19)
02.15 Cold Case (4:23) (Colors)
02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.00** Mom's Night Out
13.40 Underground: The Julian Assange Story
15.15 Friends With Kids
17.00 Mom's Night Out
18.40 Underground: The Julian Assange Story
20.15 Friends With Kids
22.00 In a World... Gamanmynd frá 2013 um unga konu sem vinnur sem raddþjálfari í Hollywood. Hún lendir í samkeppni við föður sinn og lærisvein hans þegar hún ákveður sjálf að fara út í að talsetja stiklur fyrir kvikmyndaíðnaðinn. Lake Bell skrifaði handritið, leikstýrði og leikur aðalhlutverk í myndinni.
00.55 How I Spent My Summer Vacation
02.30 In a World...

RÚV

- 16.10** Alla leið (2:5)
17.15 Vísindahorn Ævars
17.20 Músahús Mikka (24:26)
17.43 Robbi og skrímli (20:26)
18.06 Millý spyr (21:65)
18.15 Táknafréttir
18.25 Vísindahorn Ævars
18.30 Melissa og Joey (6:22)
18.50 Öldin hennar (14:52) 52 örþættir, sendir út á jafnmörgum vikum, um stóra og stefnumarkandi atburði sem tengjast sögu íslenskra kvenna og baráttu þeirra fyrir samfélagslegu jafnrétti. e.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Bergsteinn Sigurðsson, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir. Dagskrárgerð: Sigurður Jakobsson.
20.30 Hefnd (3:23)
21.10 Epli – Magn umfram gæði (Unser Apfel – Masse statt Klasse) Þýsk heimildarmynd um epli og kröfur neytenda um útlit þeirra. Epli virðast vera lífsstílsvara og neytendur vilja hafa þau brakandi og slétt á öllum árstímum.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Horfinn (5:8)
23.20 Spilaborg (9:13)
00.10 Kastljós
00.35 Fréttir
00.50 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
15.15 Cheers (26.26)
15.40 My Kitchen Rules (3.10)
16.25 The Odd Couple (5.13)
17.05 An Idiot Abroad (1.3)
17.50 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Design Star (1.9)
19.55 Kirstie (2.12)
20.15 Jane the Virgin (18.22)
21.00 The Good Wife (18.22)
21.45 Elementary (20.24)
22.30 Sex & the City (2.12)
22.55 Californication (2.12)
23.20 Madam Secretary (19.22)
00.05 Blue Bloods (16.22) Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki.
00.50 The Good Wife (18.22)
01.35 Elementary (20.24)
02.20 Sex & the City (2.12)
02.45 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin


- 08.55** PGA Tour 2015 highlights
09.50 PGA Tour 2015
12.50 Golfing World 2015
13.40 PGA Tour 2015 highlights
14.35 Inside the PGA Tour 2015
15.00 PGA Tour 2015
18.00 Golfing World 2015
18.50 PGA Tour 2015
21.50 Golfing World 2015
22.40 PGA Tour 2015 Latinoamerica
23.05 PGA Tour 2015 highlights

HRINGBRAUT

- 10.00** Lífsstíll (e) **10.30** Hringtorg (e) **11.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e) **12.00** Lífsstíll (e) **12.30** Hringtorg (e) **13.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e) **14.00** Lífsstíll (e) **14.30** Hringtorg (e) **15.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e) **16.00** Lífsstíll (e) **16.30** Hringtorg (e) **17.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e) **18.00** Lífsstíll (e) **18.30** Hringtorg (e) **19.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar (e) **20.00** Fólki með Sirry **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritstjórnarnir **22.00** Fólki með Sirry (e) **23.00** Atvinnulífið (e) **23.30** Ritstjórnarnir (e)

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðíó
FM 89,5 RetroFM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt BylgjanFM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp SagaFM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



Þriðjudags

TILBOÐ

DOMINO'S

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

ITALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó

WWW.DOMINOS.IS DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

MORGUNMATURINN



„Þrjú spæld egg ásamt ristudu braudi með osti og marmelaði og nokkur jarðarber, þegar frúin nennir. Svo ef ég ætla að gera vel við mig þá fer ég á hótelið við hliðina á mér og skelli mér á hlaðborðið, þar sem allt er til alls. Geri það tvisvar í viku.“

Viðar Örn Kjartansson, landsliðsmaður í knattspyrnu.

Hóþferð í Druslugöngu-húðflúrun í gærðag

Aðstandendur Druslugöngunnar tylltu sér í stóla Reykjavík Ink í hádeginu í gær og létu verða af því að fá sér varanlega druslustimpla. „Við berum druslunafnið með stolti,“ segir Hjalti Vigfússon, einn af þeim nýflúruðu.

„Þetta er hreint og klárt statement,“ segir Hjalti Vigfússon, einn skipuleggjenda Druslugöngunnar, sem kom sér vel fyrir í stólum hjá Reykjavík Ink í hádeginu í gær.

„Hugmyndin kom í fyrra þegar við létum framleiða svona tyggjótattú sem allir geta sett á sig og afmáist svo við næstu sturtu eða tvær,“ segir Hjalti. „Okkur þótti þessi tyggjótattú svo hrikalega flott að við vildum sannarlega bera þau til frambúðar með stolti,

líkt og við gerum varðandi orðið drusla sem hefur tapað meiningunni með baráttunni,“ segir Hjalti og bætir við: „Við erum svo ljóm-andi heppin að eiga stuðningsnet hérna á Reykjavík Ink sem bauð okkur hreinlega að koma og fá þessi tattú, og það er náttúrulega ekkert annað en geggjað.“

Mikill spenningur var í fólki þegar á stofuna var komið, en húðflúrunin er afar gildishlaðinn gjörningur líkt og kom fram hér að

framan. „Það er löng hefð fyrir því að þeir sem berjast fyrir málstað beri nafnið með stolti, og það er akkúrat það sem við erum að gera með því að láta flúra á okkur orðið drusla,“ útskýrir Hjalti og segist fagna því ef fleiri hafa áhuga á að taka þetta upp eftir þeim og láta flúra á sig myndirnar. „Ég eiginlega vona það, og ekki væri verra ef af stað færi einhvers konar trend,“ skýtur hann að léttur í lundu.



STOLTUR Hjalti var gríðarlega ánægður með flúrið. Sunna Ben var undir nálinni þegar ljósmyndara bar að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GÓÐIR Ekki nóg með að vera afbragðs skemmtikraftar, þá hafa þeir hjörta úr gulli og safna fyrir Tönju Kolbrúnu. FRÉTTABLAÐIÐ

Dægurlagafélagið lætur gott af sér leiða

Stuðboltarnir snúa aftur og blása í tónlistaruppi-stand til styrktar krabbameinsveikri stúlku á Selfossi.

„Við erum alltaf að leita okkur að ástæðu til að koma saman, og þetta tilefni gæti ekki verið verðugra,“ segir Heimir Eyvindarson, hljóm-borðsleikari Á móti sól, spurður um samkrull nokkurra kanóna íslenska tónlistarlífsins.

Um ræðir svokallað Dægurlagafélag, sem inniheldur þá Einar Bárðarson, Hreim Örn Heimisson, Ingólf Þórarinsson Veðurguð og Heimi.

„Við vorum svolítið í að koma saman og gerðum það síðast fyrir um einu og hálfu ári. Þá spilum við löggin okkar, segjum sögurnar og sprellum svolítið hver á kostnað annars. Við ætluðum alltaf að halda áfram en svo vantar í okkur drifkraftinn,“ segir Heimir.

Munu þeir taka upp þráðinn, en sparkið í þessa músíkólsku skemmtanarassa er söfnun til styrktar fjölskyldu Tönju Kolbrúnar Fannarsdóttur, þriggja

“Í þau skipti sem við komum fram hér um árið, var alltaf uppselt svo við vonumst til að svoleiðis verði það líka núna.“

ára stúlku á Selfossi sem berst við hvítblæði.

„Við vildum gera eitthvað til að hjálpa og lá beinast við að rúlla í þetta. Í þau skipti sem við komum fram hér um árið var alltaf uppselt svo við vonumst til að svoleiðis verði það líka núna,“ bætir Heimir við. Munu þeir Einar Ágúst Víðisson og Herbert Víðarsson úr Skítamóral bætast í hópin í þetta skiptið.

Tónleikauppistandið fer fram í Tryggvaskála á sunnudaginn klukkan 22.00 og allur aðgangseyrir rennur til fjölskyldunnar.

- ga

Fyrirliði rappsins lætur finna fyrir sér

Margar af helstu íþróttahetjum þjóðarinnar birtast í myndbandi við lag Erps Eyvindarsonar. Hann var einnig klæddur í upphitunartreyju markmannsins Björgvins Páls Gústavssonar frá Ólympíuleikunum 2008.

Erpur Eyvindarson hefur lengi verið í fararbroddi í íslenski rapptónlist. Og í nýjasta lagi sínu, sem ber titilinn Fyrirliði, fer hann yfir ferilinn. Myndbandið við lagið, í leikstjórn Eids Birgissonar, hefur vakið gríðarmikla athygli, enda bregður mörgum af helstu íþróttastjörnum þjóðarinnar fyrir. Þar má sjá bardagakappann Gunnar Nelson, knattspyrnukonuna Margréti Láru Viðarsdóttur og körfuknattleiksmanninn Pavel Ermolinski. Einnig koma fram keppendur í fitness, sem standa framarlega í sinni grein á heimsvísu. Eru þau Magnea Gunnarsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir mikið í mynd ásamt þeim.

Gunnar Nelson að deyja úr migreni

„Tökurnar gengu mjög vel en það var auðvitað svolítið þúsl að fá allar þessar hetjur í myndbandið, því þetta er fólk sem er yfirleitt mjög upptekið,“ útskýrir Erpur. Myndbandið var skotið í desembermánuði og tóku tökurnar einn sólarhring. „Við unnum sleitulaust í einn sólarhring, menn skiptust bara á að borða og svona. Þetta var keyrsla.“

Erpur segir íþróttahetjurnar hafa sýnt mikla þolinmæði á meðan tókum stóð. „Fólk lagði ýmislegt á sig. Til dæmis var Gunnar Nelson að drepa úr migreni. En hann er svo grjótharður og sýnir svo lítil svipbrigði að maður tekur ekkert eftir því í myndbandinu.“

Upphitunartreyja frá ÓL

„Þar sem myndbandið var tekið upp á miðju handboltatímabilinu vantaði okkur eitthvað af landsliðsmönnum í myndbandið. En í staðinn fékk ég upphitunartreyjuna hans Björgvins Páls Gústavssonar frá Ólympíuleikunum í Peking 2008 og er í henni í einu skotinu,“ útskýrir rapparinn.

Í myndbandinu má einnig sjá markadrottninguna Margréti Láru Viðarsdóttur. „Fá landslið hafa gert okkur jafn stolt og kvennalandsiðið í fótbolta. Það var frábært að fá hana inn í þetta með okkur.“ Í myndbandinu má einnig sjá kraftajötna, boxara og keppendur í fitness. Allt fólk í fremstu röð í sinni íþrótt.

Magnaðar viðtökur

Í laginu fjallar Erpur um feril sinn sem rappari og bendir á að XXX Rottweilerhundar hafi átt fyrstu rappplötuna sem náði platínusölu. Erpur tekur einnig fram í textanum að Kópakabana, sólplata hans sem kom út 2010, hafi verið síðasta rapplatan sem náði gullsölu hér á landi.

Viðtökur myndbandsins hafa verið mjög góðar. Fyrsta sólarhringinn á Youtube var horft á það yfir tíu þúsund sinnum. Myndbönd við lög Erps eru gjarnan vinsæl og hefur verið horft á sum þeirra í mörg hundruð þúsund skipti.

kjartanatli@365.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis@365.is, Sigrós Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólóf Þorsteinsdóttir svans@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Margrét Lára Viðarsdóttir markadrottning með Erpi.



Erpur í upphitunartreyju Björgvins Páls Gústavssonar.



Gunnar Nelson lét sig ekki vanta en var með hausverk.



Pavel Ermolinski, landsliðsmaður í körfubolta og fyrirliði KR, sýndi takta.



Sjómenn frá frystitogaranum Vigra mættu ferskir í myndbandið.

FYRIRLIÐINN í textanum við lagið fjallar Erpur um feril sinn sem rappari.

the sleep doctor
MICHAEL BREUS PhD

The Dr. Breus Bed®

Dr. BREUS RÚMIN
FÁST Í REKKJUNNI

DR. MICHAEL BREUS eða Dr. SVEFN

Dr. Michael J. Breus er sálfræðingur sem hefur sérhæft sig í svefni. og þá sérstaklega í svefnröskunum. Hann er einn af einungis 163 einstaklingum í heiminum með þessa menntun. Dr. Breus hefur skrifað mikinn fjölda greina og komið reglulega fyrir í sjónvarpsþáttum þar sem hann fjallar um mikilvægi þess að sofa á góðri dýnu. Dr. Breus er hönnuður og framleiðandi The Dr. Breus Bed, en það eru fyrstu og einu rúmin sem hönnuð eru af svefnlækni. Hann hannar og framleiðir rúm í samstarfi við King Noil.

rekkjan

HEILSURÚM

Lykillán

Notaðir bílar á betri kjörum!

Lykillán er hagkvæm leið til að eignast bíl. Með Lykilláni bjóðum við nú **hærra láns hlutfall** og **lægri vexti**.

Lægstu vextir
8,0%

Allt að **80%**
láns hlutfall af
notuðum bíl

Lán til allt að **7 ára**

Samanlagður aldur bifreiðar og
láns tíma getur orðið allt að **12 ár**
við kaup á notuðum bíl

Lykillán | Notaðir bílar

1

Þú finnur bíl
sem hentar
þínum þörfum.

2

Við fjármögnum
allt að **80%** af
kaupverði bílsins.

3

Við aðlöguðum
greiðslubyrðina
að þínum fjárhag.



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
 í Engihjalla,
 Vesturbergi og
 Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gestakokkur í Borgarleikhúsinu

Guðjón Pedersen, fyrrverandi leikhússtjóri Borgarleikhússins, kom í skemmtilega heimsókn á sinn gamla vinnustað, Borgarleikhúsið, á fimmtudag sem gestakokkur í mötu-neytið. Galdraði hann þar fram fyrir starfsfólk leikhússins ljúffenga þorskhnakka og rabarbarapæ í eftirrétt og var starfsfólkið í skjónum með þessa skemmtilegu heimsókn borgarleikhússtjórans fyrrverandi. Guðjón fór létt með þetta enda hefur hann söðlað um og starfar í dag sem kokkur á veitingastaðnum Apóteki-
 nu. -vh



Bíður bara eftir þinghléinu

Birgitta Jónsdóttir alþingiskáld, forsprakki Pírata og aðgerðasinni, fermd hreiðurdrútinn á dögnum. Var um að ræða borgaralega fermingu á vegum Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi.

Ekki var þó blásið til hefðbundins fagnaðar í kjölfar áfangans, því hinn nýfermdi býr yfir einstakri þolinmæði gagnvart starfi móður sinnar að hennar sögn, og mun því bíða silki-slakur uns brestur á með þinghléi í maí.



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Samtökin '78: Kæra tíu einstaklinga fyrir hatursorðræðu í garð hinsegin fólks
- 2 Íslendingar trompast: „Ég hefði ýtt þér ofan í“
- 3 Formaður samtakanna '78: „Erum að draga línu í sandinn og segja stopp nú stýrimann“
- 4 Svona fundu íslenskir foreldrar son sinn í Nepal
- 5 Sundabraut verði skoðuð nánar
- 6 Þrír úr hópi Ingólfs fórust
- 7 Engum leigusamningi hefur verið þinglýst vegna íbúðar Illuga

KRÓNAN
 ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

AÐEINS 40 kr. STYKKIÐ
 ef keypt eru 10 stk.
 - annars 50 kr. stk.

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Fermingar tilboð

GJÖF FYLGIR
 Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár



12 mán.
 vaxtalausar greiðslur*

VALHÖLL

5 svæðisskipt heilsudýna
 Pokagormakerfi, gæðabólstun.
 Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm
Verð aðeins kr. 79.900.-
 140x200 cm
Verð aðeins kr. 89.900.-

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðisskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
 Verð með PU-leðurbotni og fótum

120x200 cm
Verð aðeins kr. 119.900.-
 140x200 cm
Verð aðeins kr. 139.900.-



Svefnsofar nýjar gerðir
 Verð frá kr. 159.000



Tungusofar nýjar gerðir
 Verð frá kr. 249.900




Stillanleg rúm
BODYPRINT / ROYAL / IQ-CARE

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



Reverie
 2x 90x200 cm
Verð frá kr. 399.900



IQ-CARE heilsudýnur
EIN BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI
 Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.



FYLDS'
Ný hágæða heilsurúm
BEST OF BELGIUM
 Besta belgíska framleiðsluvaran Hágæða rúm fyrir þá allra vandlátustu

Jason Milano Nýjir hvíldarsófar og hvíldarstólar



Svefn & heilsa
 ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
 Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



*3.5% lántökugjald